

Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar
**FÆRNILÝSING FYRIR KENNARA
Í SKÓLUM ÁN AÐGREININGAR**



**Kennaramenntun í anda skóla án
aðgreiningar**

**FÆRNILÝSING FYRIR KENNARA Í
SKÓLUM ÁN AÐGREININGAR**

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu



Aðalskrifstofa framkvæmdastjórnar ESB á sviði mennta- og menningarmála styrkti gerð þessarar skýrslu: http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/index_en.htm

Lifelong Learning Programme

Þessi skýrsla endurspeglar aðeins skoðanir höfunda og þeirra sem lögðu til efni, og framkvæmdastjórn ESB ber ekki ábyrgð á því hvernig viðkomandi upplýsingar kunna að verða notaðar.

Ritstjórn: Amanda Watkins, starfsmaður hjá Evrópumíðstöðinni, Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu þakkar öllum fulltrúum í ráði Evrópumíðstöðvarinnar og verkefnastjórum í viðkomandi löndum fyrir framlag þeirra. Eftirfarandi aðilum er einnig þakkað sérstaklega fyrir aðstoð við gerð þessarar skýrslu:

- Aðilum í ráðgjafarhópi menntunarverkefnisins um kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar og sérfræðingunum sem tilnefndir voru í viðkomandi löndum til þátttöku í verkefninu. Upplýsingar um þá er að finna aftast í skýrslunni;
- Stefnumótandi aðilum, fagfólki, nemendum og fjölskyldum þeirra sem tóku þátt í námsferðum til fjórtán landa á árunum 2010 og 2011. Upplýsingar um allar námsferðirnar er að finna á vefsvæði verkefnisins: <http://www.european-agency.org/agency-projects/Teacher-Education-for-Inclusion/country-study-visits>

Leyfilegt er að nota útdrætti úr skýrslunni að því tilskildu að heimildar sé greinilega getið. Vísa skal til skýrslunnar á eftirfarandi hátt: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu (2012) *Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar*, Óðinsvé, Danmörku: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu.

Meðfylgjandi vinnuhandrit er ekki háð höfundarrétti og það má laga að aðstæðum og breyta eftir þörfum, að því gefnu að heimildar sé getið.

ISBN (prentuð útg.): 978-87-7110-326-7

ISBN (rafræn útg.): 978-87-7110-347-2

© European Agency for Development in Special Needs Education 2012

Secretariat
Østre Stationsvej 33
DK-5000 Odense C Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Brussels Office
3 Avenue Palmerston
BE-1000 Brussels, Belgium
Sími: +32 2 280 33 59
brussels.office@european-agency.org

www.european-agency.org



EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	5
SAMANTEKT	6
INNGANGUR	8
FÆRNILÝSING FYRIR KENNARA Í SKÓLUM ÁN AÐGREININGAR	11
INNLEIÐING FÆRNILÝSINGAR FYRIR KENNARA Í SKÓLUM ÁN AÐGREININGAR ...	18
Almennar reglur	18
Færnilýsingin í framkvæmd.....	18
Þættir sem stuðla að innleiðingu færnilýsingarinnar	19
HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR FÆRNILÝSINGARINNAR	24
Gildishlaðin nálgun varðandi nám án aðgreiningar	24
Færnisviðin í raun	26
Skólar og kennaramenntun í tengslum við forgangsmál á Evrópuvísu	27
AÐFERÐIR SEM BEITT VAR VIÐ GERÐ FÆRNILÝSINGARINNAR	30
ÞRÓUN FÆRNILÝSINGARINNAR TIL FRAMTÍÐAR	34
HEIMILDIR	37
VIÐAUKI 1 – FÆRNI SEM KRAFIST ER Í KENNARANÁMI Í VIÐKOMANDI LÖNDUM .	39
VIÐAUKI 2 – AUKIN GÆÐI KENNARA: STEFNUSKRÁ EVRÓPUSAMBANDSINS	41
VIÐAUKI 3 – UMRÆÐUR UM FÆRNILÝSINGUNA: SNIÐMÁT TIL UPPLÝSINGAÖFLUNAR	44
HÖFUNDAR EFNIS	45

FORMÁLI

Í verkefninu um kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar (menntunarverkefninu) var kannað á hvern hátt almennt kennaranám gerir kennara færa um að starfa í skólum án aðgreiningar. Í þessu þriggja ára verkefni var lagt upp með rannsókn á þeirri lykilhæfni, þekkingu og skilningi, viðhorfum og gildum sem hver sá sem starfa vill sem kennari þarf að búa yfir, burtséð frá því hvaða námsgrein, sérsviði eða aldursflokki hann sinnir eða hvers konar skóla hann starfar við.

Kallaðir voru til 55 sérfræðingar frá 25 löndum: Austurríki, Belgíu (flæmsku- og frönskumælandi hluta), Bretlandseyjum (Englandi, Norður-Írlandi, Skotlandi og Wales), Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Hollandi, Írlandi, Íslandi, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Noregi, Portúgal, Póllandi, Slóveníu, Spáni, Sviss, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi. Sérfræðingarnir fengu til liðs við sig stefnumótandi aðila – á sviði kennaramenntunar og náms án aðgreiningar – og fræðsluaðila sem kenna bæði almennum kennurum og sérkennurum.

Ráðgjafahópur, skipaður aðilum úr fulltrúaráði, verkefnastjórum og starfsfólki Evrópumiðstöðvarinnar, sem og einum utanaðkomandi ráðgjafa, Kari Nes frá Noregi, veitti aðstoð við verkefnið. Stærri hópur ráðgjafa hélt einnig fundi með fulltrúum frá stjórnarsviði framkvæmdastjórnar ESB um mennta- og menningarmál (DG-EAC), miðstöð Efnahags- og framfarastofnunar á sviði rannsókna og nýbreytni í menntamálum (OECD-CERI) og Alþjóðaskrifstofu Menningarmálastofnunar SP (UNESCO) á sviði menntamála (IBE) til að tryggja að verkefnisvinnan væri í samræmi við önnur Evrópu- og alþjóðaverkefni á þessu sviði.

Ýmis rit urðu til sem afrakstur verkefnisins og þau er öll að finna á vefsvæðinu: <http://www.european-agency.org/agency-projects/Teacher-Education-for-Inclusion>

- Úttekt á alþjóðlegu efni um stefnumál og rannsóknir frá og með árinu 2000, þar á meðal rannsóknarefni frá átján Evrópulöndum.
- Skýrslur um kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar frá þáttökulöndunum. Landsskýrslurnar eru settar fram á samræmdan hátt til að hægt sé að finna tiltekin efnisatriði í þeim öllum.
- Yfirlitsskýrsla sem byggir á öllum gögnum sem stuðst var við þannig að meginniðurstöður og tillögur varðandi kennaramenntun í Evrópu liggja fyrir.
- Grunnskjal þar sem röksemdarfærslur úr verkefninu eru tengdar tillögum sem settar eru fram í yfirlitsskýrslunni.

Þessi *Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar* var enn fremur unnin samhliða verkefninu; stuðst var við niðurstöður rannsókna, upplýsingar frá þáttökulöndunum og þó einkum viðræður við sérfræðinga og fulltrúa viðkomandi fræðsluhópa í námsferðum sem farnar voru til fjórtán landa á árunum 2010 og 2011.

Auk þeirra sérfræðinga sem tilnefndir voru í viðkomandi löndum komu rúmlega 400 aðilar að verkefninu, m.a. kennaranemar, kennarar og skólastjórnendur, ráðamenn frá sveitarfélögum, fulltrúar frjálsra félagasamtaka, nemendur og foreldrar. Evrópumiðstöðin færir þeim öllum bestu þakkir fyrir ómetanlega aðstoð í verkefnisvinnunni, en þó einkum við gerð færnilýsingarinnar sem er efni þessarar skýrslu.

Cor Meijer

framkvæmdastjóri, Evrópumiðstöðinni fyrir þróun í sérkennslu

SAMANTEKT

Í verkefninu um kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar (menntunarverkefninu) var kannað á hvern hátt almennt kennaranám gerir kennara færa um að starfa í skólum án aðgreiningar. Í þessu þriggja ára verkefni var lagt upp með rannsókn á þeirri lykilhæfni, þekkingu og skilningi, viðhorfum og gildum sem hver sá sem starfa vill sem kennari þarf að búa yfir, burtséð frá því hvaða námsgrein, sérsviði eða aldursflokki hann sinnir eða hvers konar skóla hann starfar við.

Þessi færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar var einn meginafrakstur menntunarverkefnisins sem unnið var að á vegum Evrópumíðstöðvarinnar fyrir þróun í sérkennslu. Fulltrúar aðildarlanda Evrópumíðstöðvarinnar lögðu fram sérstaka beiðni um að gefnar yrðu nákvæmar upplýsingar um þá hæfileika, viðhorf, þekkingu og **leikni** sem krafist er af kennurum sem starfa í skólum án aðgreiningar. Þessi skýrsla er svar við þeirri beiðni.

Helsti markhópur færnilýsingarinnar er fræðsluaðilar og ráðamenn – stjórnendur og stefnumótendur almennrar kennaramenntunar – sem eru í þeirri aðstöðu að geta haft áhrif á stefnu varðandi kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar og átt síðan frumkvæði að raunverulegum breytingum og innleiðingu þeirra. Litið er á þessa aðila sem mikilvægan markhóp þar sem gengið er út frá því í verkefninu að kennaranámið sé lyklatriði varðandi frekari kerfisbreytingar sem gera þarf til að námi án aðgreiningar verði almennt komið á.

Þessi færnilýsing endurspeglar ekki það starf sem þegar hefur verið unnið í viðkomandi löndum. Hér er fremur um að ræða tilraun til að fjalla á raunsæjan hátt um málefni sem fulltrúar þessara landa hafa áhuga á og búa til eins konar „hjálpargagn“ sem nota má á Evrópuvísu og byggt er á upplýsingum og framlagi frá viðkomandi þjóðum.

Færnilýsingin fyrir kennara í skólum án aðgreiningar var fyrst og fremst unnin sem leiðbeiningarrit um inntak og útfærslu almennrar kennaramenntunar. Ætlunin er að litið verði á hana sem hvata til að viðeigandi námsefni verði tekið í notkun, aðferðir skipulagðar og æskilegur námsárangur í almennu kennaranámi skilgreindur, en ekki sem forskrift að slíku námi.

Markmiðið með þessari færnilýsingu er fyrst og fremst að:

- 1 - Tilgreina grunngildi og færnisvið sem ganga skal hvarvetna út frá í almennu kennaranámi;
- 2 - Leggja áherslu á helstu grunngildi og færnisvið sem nauðsynleg eru til að allir kennarar verði hæfir til að starfa í skólum án aðgreiningar þar sem nemendahópurinn er fjölbreytilegur;
- 3 - Leggja áherslu á lyklatriði sem stuðla að því að þessi grunngildi og færnisvið verði innleidd í öllum greinum kennaranámsins;
- 4 - Ítreka þær röksemdir sem fram komu í menntunarverkefninu og lúta að því að nám án aðgreiningar sé á ábyrgð allra kennara, og það sé á ábyrgð allra fræðsluaðila sem starfa í kennaramenntastofnunum að allir kennaranemar verði færir um að starfa í skólum án aðgreiningar.

Í færnilýsingunni er stuðst við ýmsar aðgerðir og umræður sem fram hafa farið meðal sérfræðinga og rúmlega 400 annarra aðila sem koma að menntamálum á þriggja ára tímabili – stefnumótandi aðila og fagfólks frá fjölda skóla og úr menntageiranum; kennaranema og nema í starfsþjálfun; foreldra og ættingja; og nemenda – sem hafa í sameiningu fjallað um hvaða færni kennarar þurfa að búa yfir til að geta starfað í skólum án aðgreiningar.



Þrjú atriði voru höfð að leiðarljósi við gerð færnilysingarinnar:

1 - Nám án aðgreiningar byggist fyrst og fremst á því viðhorfi til menntunar að farið sé að grundvallarreglum og réttindi virt, og ýmis megingildi liggja þar að baki;

2 - Ýmis vandkvæði, bæði af praktískum og hugmyndafræðilegum toga, eru bundin því að leggja áherslu á einstök færnisvið kennara í skólum án aðgreiningar, og til að þessi lýsing gæti komið að gagni í ýmsum löndum og meðal viðkomandi aðila þurfti að nálgast viðfangsefnið á víðtækan hátt;

3 - Ekki er hægt að líta framhjá pólitískum forgangsmálum og áhrifum félagslegrar stefnu innan einstakra landa, en fyrir hendi er alþjóðlegur og evrópskur reglurammi, sem öll lönd styðjast við sem hefur áhrif á nám án aðgreiningar og menntun kennara.

Tilgreind hafa verið fjögur grunnildi í tengslum við nám og kennslu sem starf kennara í skólum án aðgreiningar byggist á. Þessi grunnildi snerta tiltekna leikni sem kennarar verða að hafa. Færnisviðin byggjast á þremur þáttum: viðhorfi, þekkingu og hæfni. Tiltekið *viðhorf* eða skoðun krefst tiltekinna *þekkingar* eða skilnings og síðan *hæfni* til að geta nýtt sér þessa þekkingu í starfi. Getið er um nauðsynleg viðhorf, þekkingu og hæfni á hverju færnisviði sem tilgreint er.

Færnilysingin var unnin út frá eftirfarandi grunnildum og færnisviðum:

Að geta lagt mat á ólíkar þarfir nemenda – litið er á fjölbreytileika sem mannauð og menntunarauka.

Færnisviðin sem fylgja þessu grunnildi tengjast:

- skilningi á námi án aðgreiningar;
- skoðun kennarans á fjölbreytileika meðal nemenda.

Að veita öllum nemendum stuðning – kennarar vilja að allir nemendur nái góðum árangri.

Færnisviðin sem fylgja þessu grunnildi tengjast:

- aukinni fræðslu meðal nemenda á fræðilegu, hagnýtu, félagslegu og tilfinningalegu sviði;
- skilvirkum kennsluaðferðum í sundurleitum nemendahópum.

Að geta unnið með öðrum – samstarf og teymisvinna er öllum kennurum mikilvæg.

Færnisviðin sem fylgja þessu grunnildi tengjast:

- samstarfi við foreldra og aðstandendur;
- samstarfi við ýmsa aðra sérfræðinga á sviði menntamála.

Að þroskast í starfi – kennsla er námsferli og kennurum ber að stunda símenntun.

Færnisviðin sem fylgja þessu grunnildi tengjast:

- fagmennsku kennara;
- almennu kennaranámi sem undirstöðu faglegrar starfsþróunar.

Nokkrar meginreglur um útfærslu á færnilysingunni renna stoðum undir grunnildin og færnisviðin. Auk þess má tilgreina nokkra þætti sem styðja útfærslu hennar. Þessir þættir ná ekki einungis yfir hugsanlega notkun hennar í almennu kennaranámi, heldur einnig fleiri málefni sem varða stefnu og starf í skólum og kennaranámi.

INNGANGUR

Færnilýsingin fyrir kennara í skólum án aðgreiningar var unnin í tengslum við menntunarverkefnið sem Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu stóð fyrir (<http://www.european-agency.org/agency-projects/Teacher-Education-for-Inclusion>). Í þessu verkefni sem unnið var að í þrjú ár – og 55 sérfræðingar frá 25 Evrópulöndum tóku þátt í – var fjallað um eftirfarandi málefni:

- Hvers konar kennara er þörf fyrir í samfélagi án aðgreiningar í skólum 21. aldarinnar?
- Hvaða hæfni þurfa kennarar í skólum án aðgreiningar að búa yfir?

Í verkefninu var sjónum beint að almennri menntun kennara og hvaða undirbúning þeir fá í námi sínu til að starfa í skólum án aðgreiningar. Eftirfarandi spurning var í fyrirrúmi: *hvernig námið býr kennara undir að starfa í „skólum án aðgreiningar“.*

Fulltrúar aðildarlanda Evrópumíðstöðvarinnar lögðu fram sérstaka beiðni um að veittar yrðu nákvæmar upplýsingar um þá hæfileika, viðhorf, þekkingu og færni sem krafist er af kennurum sem starfa í skólum án aðgreiningar. Þessi skýrsla er svar við þeirri beiðni. Hún byggir á fjölda upplýsinga sem aflað var í verkefnisvinnunni, þar á meðal alþjóðlegum stefnumótunar- og rannsóknarritum, landsskýrslum (<http://www.european-agency.org/agency-projects/Teacher-Education-for-Inclusion/country-info>) og síðast en ekki síst niðurstöðum og tillögum sem fram komu í yfirlitsskýrslu verkefnisins, *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar í Evrópu – Viðfangsefni og tækifæri* (2011).

Þessi færnilýsing endurspeglar ekki það starf sem þegar hefur verið unnið í viðkomandi löndum. Hér er fremur um að ræða tilraun til að fjalla á raunsæjan hátt um hugðarefni sem fulltrúar þessara landa eiga sameiginlegt og búa til „hjálpargagn“ sem byggt er á upplýsingum og framlagi frá þessum þjóðum og nota má á Evrópuvísu. Færnilýsingin var unnin í formi leiðbeininga um inntak og útfærslu almennrar kennaramenntunar. Ekki er um að ræða forskrift að því hvernig námið skal vera heldur hvatningu til að hafa upp á viðeigandi námsefni, skipuleggja aðferðir og skilgreina æskilegan námsárangur í kennaranámi af öllu tagi fyrir almenna kennara í grunnskólum.

Einkum er stuðst við ýmsar aðgerðir og umræður sem fram hafa farið meðal sérfræðinga og rúmlega 400 annarra aðila á sviði menntamála – fagfólks frá fjölda skóla og kennaramenntastofnana; kennaranema og nema í starfsþjálfun, foreldra og ættingja, og nemendur – sem hafa í sameiningu fjallað um hvaða færni kennarar þurfa að búa yfir til að geta starfað í skólum án aðgreiningar. (Nánari upplýsingar er að finna í kaflanum um aðferðir sem beitt var.)

Færnilýsingin fyrir kennara í skólum án aðgreiningar er metnaðarfullt verkefni. Byggt er á öllum upplýsingunum sem unnið var úr í menntunarverkefninu og settur er fram hugmyndarammi sem fjallað hefur verið um og samþykktur hefur verið á Evrópuvísu til að sem best verði staðið að menntun kennara. Færnilýsingin var unnin með fyrir augum að hún veitti hagnýtan stuðning í kennaranámi þegar fjallað væri um nám án aðgreiningar. Sérfræðingarnir sem tóku þátt í menntunarverkefninu eru allir sammála um að hún komi að góðu gagni og við hana skuli styðjast í almennu kennaranámi eigi nám án aðgreiningar að fara fram í fleiri skólum í Evrópu.

Í færnilýsingunni koma fram upplýsingar um *hvaða* grunngildum og færnisviðum ætti að vinna að í öllu kennaranámi. Þó er ekki reynt að lýsa því *hvernig* beita skal viðkomandi færnisviðum innan ýmissa landsáætlana um kennaramenntun. Þó að fjallað sé um nokkur lykilatriði varðandi útfærslu síðar í þessari skýrslu, þá var færnilýsingin sett fram sem hjálpargagn sem halda skal áfram að þróa eftir þörfum innan viðkomandi landa þar sem menntakerfin eru hvert með sínu sniði.



Markmiðið með þessari færnilýsingu er einkum að:

1 - Tilgreina helstu gildi og færnisvið sem ganga skal hvarvetna út frá í almennu kennaranámi. Þessi grunnildi og færnisvið eru ekki bundin námsgreinum, aldursflokki, námsáfangi eða námssviði og tengjast ekki neinni tiltekinni kennsluáferð;

2 - Leggja áherslu á helstu grunnildi og færnisvið sem nauðsynleg eru til að allir kennarar verði hæfir til að starfa í skólum án aðgreiningar þar sem nemendahópurinn er fjölbreytilegur. Þessi grunnildi og færnisvið þarf að þróa meðan námið fer fram, og nota síðan sem grundvöll frekari þróunar þegar kemur að starfsþjálfun, sem og faglegrar starfsþróunar þegar fram líða stundir;

3 - Leggja áherslu á lykilatekni sem stuðla að því að tilgreind grunnildi og færnisvið verði innleidd í öllum greinum kennaranámsins;

4 - Ítreka þær röksemdir sem fram komu í menntunarverkefninu og lúta að því að nám án aðgreiningar sé á ábyrgð allra kennara, og það sé á ábyrgð allra fræðsluaðila sem starfa í kennaramenntastofnunum að allir kennaranemar verði færir um að starfa í skólum án aðgreiningar.

Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar sem markmið öllum kennaranemum til handa var sú megingtillaga sem sett var fram í yfirlitsskýrslunni; færnilýsingin byggir á henni sem og hinum niðurstöðunum sem greint var frá í skýrslunni og setur þær í samhengi við þau gildi og færnisvið sem allir kennarar verða að tileinka sér ef starf þeirra á að skila árangri innan veggja skólastofunnar.

Helsti markhópur þessarar skýrslu er fræðsluaðilar og ráðamenn – stjórnendur og stefnumótendur almennrar kennaramenntunar – sem eru í þeirri aðstöðu að geta haft áhrif á stefnu kennaramenntunar í anda skóla án aðgreiningar og átt síðan frumkvæði að raunverulegum breytingum og innleiðingu þeirra. Lítið er á þessa aðila sem mikilvægan markhóp þar sem gengið er út frá því í menntunarverkefninu að kennaranámið sé það lykilatekni sem gengið skal út frá við frekari kerfisbreytingar sem framkvæma þarf vegna náms án aðgreiningar.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD, 2005) telur að það stefnumál sem líklegast sé til að bæta frammistöðu skóla séu aukin gæði kennara. Í skýrslunni um kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar frá 2011 kemur fram að þróa megi þessi rök enn frekar – að með því að búa kennara undir að takast á við ólíkar þarfir nemenda í skólum nú til dags sé komið til móts við það stefnumál sem líklegast er til að stuðla að þróun samfélags án aðgreiningar.

Þeir sem standa að almennu kennaranámi geta gengið út frá þessari skýrslu við ýmsar aðstæður í viðkomandi löndum. Þess vegna er færnilýsingin og stuðningsefnið sem hér er til umfjöllunar ekki sett fram í hefðbundnu rannsóknar- eða skýrsluformi. Gerð er grein fyrir færnilýsingunni í næsta kafla, og í eftirfarandi köflum er síðan að finna umfjöllun um þætti sem varða útfærslu á henni; hugmyndaramma hennar, þar á meðal hvernig hún tengist stefnumálum sem eru í forgangi núna í Evrópu; kafla þar sem lýst er þeim aðferðum sem beitt var við gerð færnilýsingarinnar, og síðast en ekki síst nokkrar athugasemdir.

Færnilýsingunni er ekki ætlað að vera endanleg afurð menntunarverkefnisins, heldur skal hún vekja til umræðna og vera leið til að stuðla að þróun kennaramenntunar í anda skóla án aðgreiningar víða um lönd.

Til að hvetja enn frekar til umræðna og þróunarvinnu:

1. Textinn á bls. 11 til 17 er ekki háður höfundarrétti og er ætlaður stefnumótendum og fagfólki sem er heimilt að breyta honum eftir þörfum þannig að hann nýtist sem best.



Fremst í þessari skýrslu er sérstakt vinnueintak af færnilýsingunni sem heimilt er að afrita og breyta eftir þörfum, að því gefnu að heimildar sé getið.

2. Á vefsvæði Evrópumíðstöðvarinnar er að finna óstytta útgáfu þessarar skýrslu á tungumálum allra aðildalanda hennar. Hægt er að hlaða þeim niður, sem og rafrænum útgáfum af færnilýsingunni sem gera má breytingar á: <http://www.european-agency.org/agency-projects/teacher-education-for-inclusion/profile>



FÆRNILÝSING FYRIR KENNARA Í SKÓLUM ÁN AÐGREININGAR

Tilgreind hafa verið fjögur grunnildi í tengslum við nám og kennslu sem starf kennara í skólum án aðgreiningar byggist á. Þessi fjögur grunnildi eru:

1. Að geta lagt mat á ólíkar þarfir nemenda – litið er á fjölbreytileika sem mannauð og menntunarauka;
2. Að veita öllum nemendum stuðning – kennarar vilja að allir nemendur nái góðum árangri;
3. Að geta unnið með öðrum – samstarf og teymisvinna er öllum kennurum mikilvæg;
4. Að halda áfram að þroskast í starfi – kennsla er námsferli – kennurum ber að stunda símenntun.

Í köflunum hér á eftir er fjallað um þessi grunnildi og þau færnisvið kennara sem þeim tengjast.

Færnisviðin byggjast á þremur þáttum: viðhorfi, þekkingu og hæfni. Tiltekið *viðhorf* eða skoðun krefst tiltekinnar *þekkingar* eða skilnings og síðan *hæfni* til að geta nýtt sér þessa þekkingu í starfi. Getið er um nauðsynleg viðhorf, þekkingu og hæfni á hverju færnisviði sem tilgreint er.

Brýnt er að taka fram að til að örugglega sé gerð grein fyrir öllum mikilvægum þáttum, þá fylgir hér listi yfir færnisviðin. Þessum þáttum er þó ekki raðað samkvæmt mikilvægi og ekki ber að skoða þá hvern fyrir sig þar sem þeir eru allir samtvinnaðir og háðir hver öðrum.

Færnisviðin sem hér eru sett fram eru þau svið sem mikilvægust eru samkvæmt menntunarverkefninu; ekki er um tæmandi yfirlit að ræða. Líta ber á þau sem faglega undirstöðu sérfræðinga og ganga skal út frá þeim í umræðum um þau tilteknu færnisvið sem allir kennarar, sem starfa við ólíkar aðstæður í viðkomandi löndum, þurfa að hafa á valdi sínu.

1. Að kunna að meta fjölbreytileika meðal nemenda – litið er á fjölbreytileika nemenda sem mannauð og menntunarauka.

Færnisviðin sem fylgja þessu grunnildi tengjast:

- skilningi á námi án aðgreiningar;
- skoðun kennarans á fjölbreytileika.

1.1 Skilningur á námi án aðgreiningar

Viðhorf og skoðanir sem þetta færnisvið byggir á ...

... grundvöllur menntunar er trúin á jafnrétti, mannréttindi og lýðræði öllum nemendum til handa;

... nám án aðgreiningar snýst um samfélagslegar umbætur og er óumdeilt;

... ekki er hægt að líta á nám án aðgreiningar og námsgæði sem aðskilin atriði;

... aðgengi að námi í almennum skólum nægir ekki; í skólagöngu felst að allir nemendur geti stundað nám sem gefur lífi þeirra gildi.

Grundvallarþekking og skilningur sem þetta færnisvið byggir á ...

... fræðilegar og hagnýtar hugmyndir og reglur sem renna stoðum undir nám án aðgreiningar bæði í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi;



... almenn menningarviðhorf og reglumhverfi menntastofnana á öllum stigum sem hefur áhrif á nám án aðgreiningar. Kennarar verða að viðurkenna og skilja hugsanlega styrkleika og veikleika þess menntakerfis sem þeir starfa innan;

... nám án aðgreiningar hentar öllum nemendum, ekki einungis þeim sem taldir eru vera með ýmsar sérþarfir og eiga jafnvel á hættu að fá ekki að stunda nám;

... orðalag sem notað er um nám án aðgreiningar og fjölbreytileika og hvaða áhrif það hefur að nota mismunandi hugtök til að lýsa nemendum og skipa þeim í flokka;

... nám án aðgreiningar sem viðvera (aðgengi að menntun), þátttaka (gæði námsins) og árangur (námsferli og frammistaða) allra nemenda.

Mikilvægir hæfileikar og geta sem þroska þarf á þessu færnisviði ...

... vera gagnrýnn á eigin skoðanir og viðhorf, og áhrifin sem þau hafa á gerðir manns;

... sýna ávallt siðferðilega ábyrgð í starfi og virða trúnað;

... geta sundurgreint námsferil nemenda til að öðlast skilning á aðstæðum og samhengi;

... geta tileinkað sér aðferðir sem búa kennara undir að takast á við neikvæð viðhorf gagnvart námi án aðgreiningar og starfa í sérskólum;

... sýna skilning gagnvart alls kyns sérþörfum nemenda;

... sýna virðingu í félagslegum samskiptum og nota viðeigandi orðalag gagnvart öllum nemendum og aðilum sem koma að námi þeirra.

1.2 Skoðun kennarans á fjölbreytileika nemenda

Viðhorf og skoðanir sem þetta færnisvið byggir á ...

... það er „eðlilegt að vera öðruvísi“;

... virða skal fjölbreytileika nemenda og líta á hann sem auðlind sem eykur námsmöguleika og gefur skólum, sveitarfélögum og samfélaginu öllu meira gildi;

... hlusta skal á raddir allra nemenda og meta þá að verðleikum;

... kennarinn hefur mest áhrif á það hvernig nemendur líta á sjálfa sig, og þar af leiðandi á námsgetu þeirra;

... flokkun nemenda getur haft neikvæð áhrif á námsmöguleika þeirra.

Grundvallarþekking og skilningur sem þetta færnisvið byggir á ...

... mikilvægar upplýsingar um fjölbreytileika nemenda (vegna sérþarfa, menningar, tungumáls, efnahagslegra og félagslegra aðstæðna, o.s.frv.);

... nemendur geta gert sjálfum sér og skólafélögum sínum auðveldara með að fræðast um fjölbreytileika;

... nemendur læra á ólíkan hátt og hægt er að nýta það til að bæði þeir sjálfir og skólafélagarnir njóti góðs af því í námi sínu;

... skólinn er samfélag og félagslegt umhverfi sem hefur áhrif á sjálfsálit og námsgetu nemenda;

... skólinn og nemendur í hverjum bekk taka stöðugum breytingum; ekki er hægt að líta á fjölbreytileika sem óumbreytanlegt ástand.

Mikilvægir hæfileikar og geta sem þroska þarf á þessu færnisviði ...

... skilja hvernig læra má af fjölbreytileika meðal nemenda;



- ... geta fundið bestu leiðina til að bregðast við fjölbreytileika við allar aðstæður;
- ... að taka tillit til fjölbreytileika við útfærslu á námskrá;
- ... nýta sér fjölbreytilegar námsaðferðir í kennarastarfinu;
- ... leggja sitt af mörkum til að skólar verði námssamfélag þar sem allir nemendur njóta virðingar, fá hvatningu og hrós fyrir frammistöðu sína.

2. Að veita öllum nemendum stuðning – kennarar vilja að allir nemendur nái góðum árangri.

Færnisviðin sem fylgja þessu grunngildi tengjast:

- aukinni fræðslu meðal nemenda á fræðilegu, hagnýtu, félagslegu og tilfinningalegu sviði;
- skilvirkum kennsluáðferðum í sundurleitum nemendahópum.

2.1 Aukin fræðsla meðal nemenda á fræðilegu, hagnýtu, félagslegu og tilfinningalegu sviði

Viðhorf og skoðanir sem þetta færnisvið byggir á ...

- ... nám er fyrst og fremst félagsleg athöfn;
- ... fræðsla á fræðilegu, hagnýtu, félagslegu og tilfinningalegu sviði er öllum nemendum jafnmikilvæg;
- ... væntingar kennara eru afgerandi hvað velgengni nemenda varðar; því er mikilvægt að þeir hafi metnað til að allir nemendur nái góðum árangri;
- ... allir nemendur ættu að taka virkan þátt í ákvörðunum um nám sitt og þau matsferli sem þeir ganga í gegnum;
- ... foreldrar og aðstandendur hafa mikið að segja varðandi menntun hvers nemanda;
- ... mikilvægt er að þroska sjálfstæði og færni nemenda til ákvarðanatöku;
- ... finna þarf hvaða námsgetu og hæfileikum hver nemandi býr yfir og hvetja hann til dáða.

Grundvallarþekking sem þetta færnisvið byggir á ...

- ... skilningur á því hve samvinna við foreldra og aðstandendur skiptir miklu máli;
- ... þroskamunstur og þroskaleiðir allra barna, einkum í tengslum við félagslega færni og samskiptahæfni;
- ... ýmiss konar námsleiðir og námsaðferðir sem nemendur kunna að nota.

Mikilvægir hæfileikar sem þroska þarf á þessu færnisviði ...

- ... vera virkur í samskiptum, með og án munnlegra tjáskipta, og koma þannig til móts við nemendur, foreldra og fagfólk;
- ... efla þroska nemenda hvað varðar samskiptahæfni;
- ... meta hæfni nemenda til að „tileinka sér hluti“ og halda áfram að þroska þá hæfni;
- ... að stuðla að því nemendur verði sjálfstæðir einstaklingar;
- ... stuðla að samvinnu í námi;
- ... koma á jákvæðum, atferlismótandi aðferðum sem stuðla að félagslegum þroska nemenda og samskiptum þeirra á milli;
- ... skapa námsaðstæður þar sem nemendur geta „tekið áhættu“ og jafnvel gert mistök í öruggu umhverfi;



... meta námsaðferðir þar sem tekið er tillit til félagslegra og tilfinningalegra þátta sem og bóklegs náms.

2.2 Skilvirkar kennsluaðferðir í sundurleitum nemendahópum

Viðhorf og skoðanir sem þetta færnisvið byggir á ...

... skilvirkir kennarar eru þeir kennarar sem kenna öllum nemendum;

... kennarar eiga að gera öllum nemendum sínum námið sem auðveldast;

... hæfni nemenda er ekki óumbreytanleg; allir nemendur geta lært og þroskast;

... nám er ferli og markmið allra nemenda er að þroska hæfni sína til að læra að tileinka sér hlutina, ekki bara að afla sér bóklegrar kunnáttu;

... námsferlið er í aðalatriðum eins meðal allra nemenda – mjög lítið er um „sértæka tækni“;

... í sumum tilvikum þarf að bregðast við tilteknum námserfiðleikum með því laga námsefni og kennsluaðferðir að aðstæðum.

Grundvallarþekking og skilningur sem þetta færnisvið byggir á ...

... fræðileg þekking á því hvernig nemendur læra og á því hvernig kennslulíkon sem styðja námsferlið virka;

... jákvæð hegðunar- og bekkjarstjórnun;

... stjórn á raunverulegum og félagslegum aðstæðum í skólastofunni til að námið gangi vel;

... leiðir til að greina og takast á við ýmiss konar hindranir í námi og áhrif þeirra á kennsluaðferðir;

... þróun lykilhæfni – einkum lykilhæfileika – ásamt viðkomandi kennslu- og matsaðferðum;

... mat á námsaðferðum sem beinist að því að greina styrkleika nemenda;

... einstaklingsmiðuð námskrá, námsferli og námsefni fyrir nemendur þar sem komið er til móts við ýmiss konar sérþarfir;

... persónulegar námsaðferðir fyrir alla nemendur sem stuðla að því að þeir tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð;

... þróun, útfærsla og skilvirkt eftirlit með einstaklingsáætlunum eða hliðstæðum námsáætlunum eftir því sem við á.

Mikilvægir hæfileikar og geta sem þroska þarf á þessu sviði ...

... forystuhæfni í skólastofunni sem felur í sér kerfisbundnar aðferðir við að koma á jákvæðri bekkjarstjórn;

... geta starfað með einstökum nemendum sem og sundurleitum hópum;

... nota námskrána sem tæki til náms án aðgreiningar sem eykur aðgengi að námi;

... taka tillit til fjölbreytileika við þróun námsefnis;

... gera aðferðir, námsefni og námsárangur einstaklingsmiðaðan;

... vinna með nemendum og aðstandendum þeirra að því að nám og markmiðasetning taki mið af hverjum einstaklingi;

... stuðla að samvinnu í námi þar sem nemendur hjálpast að á ýmsan hátt – m.a. með jafningjafræðslu – í sveigjanlegum nemendahópum;



- ... beita ýmiss konar kennsluaðferðum á kerfisbundinn hátt;
- ... nota upplýsingatækni og aðlögunartækni til að stuðla að sveigjanlegum námsaðferðum;
- ... beita gagnreyndum kennsluaðferðum til að ná námsmarkmiðum og stuðla að óhefðbundnum námsleiðum, sveigjanleika í kennslu og skýrri endurgjöf til nemenda;
- ... nota leiðsagnarmat og lokamat sem hvetur til náms og gerir ekki upp á milli nemenda eða hefur neikvæðar afleiðingar fyrir þá;
- ... vera í samstarfi við nemendur um lausn vandamála;
- ... byggja á ýmiss konar samskiptahæfni, með og án munnlegra tjáskipta, til að auðvelda nemendum námið.

3. Að geta unnið með öðrum – samstarf og teymisvinna er öllum kennurum mikilvæg.

Færnisviðin sem fylgja þessu grunngildi tengjast:

- samstarfi við foreldra og aðstandendur;
- samstarfi við ýmsa aðra sérfræðinga á sviði menntamála.

3.1 Samstarf við foreldra og aðstandendur

Viðhorf og skoðanir sem þetta færnisvið byggir á ...

- ... skilningur á því hve mikils virði það er að vera í samstarfi við foreldra og aðstandendur;
- ... virðing fyrir menningarlegum og félagslegum bakgrunni og sjónarmiðum foreldra og ættingja;
- ... líta svo á að virk samskipti og samstarf við foreldra og aðstandendur séu á ábyrgð kennarans.

Grundvallarþekking og skilningur sem þetta færnisvið byggir á ...

- ... samstarf er undirstaða kennslu án aðgreiningar;
- ... færni í jákvæðum samskiptum við aðra er mikilvæg;
- ... áhrif persónulegra tengsla á það hvort settum markmiðum í námi verði náð.

Mikilvægir hæfileikar og geta sem þroska þarf á þessu sviði ...

- ... fá foreldra og ættingja barnsins til að styðja það í námi sínu;
- ... eiga góð samskipti við foreldra og fjölskyldumeðlimi frá öðrum menningarsvæðum, eru af öðru þjóðerni, tala annað tungumál og hafa annan félagslegan bakgrunn.

3.2 Samstarf við ýmsa aðra sérfræðinga á sviði menntamála

Viðhorf og skoðanir sem þetta færnisvið byggir á ...

- ... nám án aðgreiningar krefst þess að allir kennarar vinni saman í teymum;
- ... samstarf, virk þátttaka og teymisvinna eru aðferðir sem allir kennarar þurfa að tileinka sér á jákvæðan hátt;
- ... samstarf og teymisvinna stuðlar að því að sérfræðingar læri hver af öðrum.

Grundvallarþekking og skilningur sem þetta færnisvið byggir á ...

- ... samvinna við aðra kennara og sérfræðinga í menntamálum hefur mikið gildi og kemur öllum til góða;
- ... ýmis stuðningskerfi veita frekari aðstoð og ráðleggingar;



... þverfagleg starfsemi þar sem kennarar í skólum án aðgreiningar eiga samstarf við aðra sérfræðinga og starfsfólk í ýmsum greinum;

... samvinna í kennslu þar sem kennarar taka mið af hópnum og vinna með nemendum, foreldrum, skólafélögum, öðrum kennurum og stuðningsfulltrúum, sem og aðilum úr þverfaglegum teymum, eftir því sem við á;

... orðalag/hugtök og grunnhugmyndir og sjónarmið annarra sérfræðinga sem koma að menntamálum;

... viðurkenna ber valdatengsl milli ýmissa aðila og taka á þeim á skilvirkan hátt.

Mikilvægir hæfileikar og geta sem þroska þarf á þessu sviði ...

... tileinka sér leiðtoga- og stjórnunarhæfni innan skólafélaganna sem auðveldar þverfaglegt samstarf við aðra;

... vinna saman við kennslu og starfa í sveigjanlegum kennsluteymum;

... starfa sem hluti af skólasamfélaginu og styðjast við þau úrræði sem eru til staðar sem og utanaðkomandi aðstoð;

... byggja upp bekkjarsamfélag sem er liður í skólasamfélaginu í heild sinni;

... leggja sitt af mörkum við mat á skólustarfinu í heild sinni, endurskoðun og þróunarferli;

... vinna að lausn vandamála í samstarfi við annað fagfólk;

... leggja sitt af mörkum til aukinnar samvinnu við aðra skóla, samfélagsstofnanir og aðrar menntastofnanir;

... byggja á ýmiss konar samskiptahæfni, með og án munnlegra tjáskipta, til að auðvelda samstarf við annað fagfólk.

4. Að þroskast í starfi – kennarastarfið er námsferli og kennurum ber að stunda símenntun.

Færnisviðin sem fylgja þessu grunngildi tengjast:

- fagmennsku kennara;

- almennu kennaranámi sem undirstöðu faglegrar starfsþróunar og menntunar.

4.1 Fagmennska kennara

Viðhorf og skoðanir sem þetta færnisvið byggir á ...

... kennsla er starf sem byggist m.a. á lausn vandamála og krefst stöðugra og kerfisbundinna áætlana, mats, ígrundunar og nýrra aðgerða;

... fagmennska gerir kennurum auðvelt að vinna með foreldrum sem og í teymum með öðrum kennurum og sérfræðingum sem starfar innan og utan skólans;

... mikilvægt er að kennarar hafi gagnreynda starfshætti að leiðarljósi;

... mikilvægt er að þróa með sér eigin kennsluaðferðir til að styðjast við í starfi sínu.

Grundvallarþekking og skilningur sem þetta færnisvið byggir á ...

... vera meðvitaður um eigin hugsun og kunna að tileinka sér hluti;

... hvað felst í fagmennsku og hvernig þróa má eigin hugmyndir um starfshætti;

... aðferðir og áætlanir varðandi mat á eigin starfi og frammistöðu;

... rannsóknaraðferðir og mikilvægi þeirra í starfi kennarans;



... þróun persónulegra aðferða við lausn á vandamálum.

Mikilvægir hæfileikar og geta sem þroska þarf á þessu sviði ...

... leggja mat á eigin frammistöðu á kerfisbundinn hátt;

... fá aðra til að taka virkan þátt í faglegum hugleiðingum um kennarastarfið;

... stuðla að þróun skólans sem námssamfélags.

4.2 Almennt kennaranám sem undirstaða faglegrar starfsþróunar og símenntunar

Viðhorf og skoðanir sem þetta færnisvið byggir á ...

... kennurum ber að viðhalda stöðugt faglegri færni sinni;

... almennt kennaranám er fyrsta skrefið í símenntun kennara;

... kennsla er námsferli; það er kostur en ekki veikleiki að vilja tileinka sér nýja færni og leita upplýsinga og ráðgjafar;

... kennari getur ekki verið sérfróður á öllum sviðum náms án aðgreiningar. Þeim sem eru að hefja starf í skólum án aðgreiningar er nauðsynlegt að hafa tiltekna grunnþekkingu, en brýnt er að stunda símenntun;

... stöðugar breytingar og þróun eiga sér stað í námi án aðgreiningar og kennarar þurfa að geta komið til móts við ólíkar þarfir nemenda allan starfsferilinn.

Grundvallarþekking og skilningur sem þetta færnisvið byggir á ...

... lög um menntamál og lagalega umhverfið sem kennarar starfa í, ábyrgð þeirra og skyldur gagnvart nemendum, aðstandendum þeirra, starfsfélögum og kennarastarfinu í þessu lagalega samhengi;

... möguleikar, tækifæri og leiðir til að öðlast frekari starfsreynslu í því skyni að afla sér aukinnar þekkingar og færni á sviði náms án aðgreiningar.

Mikilvægir hæfileikar og geta sem þroska þarf á þessu sviði ...

... sýna sveigjanleika í kennsluaðferðum sem stuðlar að nýbreytni og einstaklingsbundnu námi;

... nota tímastjórnunaráætlun sem mun veita tækifæri til aukins þroska í starfi;

... vera opinn fyrir því að því að læra bæði af starfsfélögum sínum og öðrum sérfræðingum og fá nýjar hugmyndir;

... leggja sitt af mörkum til þess náms- og þróunarferlis sem fram fer hvarvetna í skólasamfélaginu.

INNLEIÐING FÆRNILÝSINGAR FYRIR KENNARA Í SKÓLUM ÁN AÐGREININGAR

Almennar reglur

Í eftirfarandi staðhæfingum er gerð grein fyrir þeim meginreglum sem grunnildi og færnisvið færnilýsingarinnar byggja á.

1 - Þau gildi og færnisvið sem starf í skólum án aðgreiningar krefst eru öllum kennurum nauðsynleg, á sama hátt og nám án aðgreiningar er á ábyrgð allra kennara.

2 - Þau gildi og færnisvið sem starf í skólum án aðgreiningar krefst eru kennurum sá grundvöllur sem þeir þurfa að byggja á til að geta kennt nemendum með ólíkar þarfir í almennum bekkjum. Þetta er mikilvægt atriði þar sem nám án aðgreiningar beinist þá ekki aðeins að því að komið sé til móts við tiltekinn hóp nemenda (t.d. nemendur með sérþarfir). Gildin og færnisviðin gefa þau mikilvægu skilaboð að nám án aðgreiningar sé ætlað öllum nemendum, ekki bara tilteknum hópum með tilteknar sérþarfir.

3 - Þau gildi og færnisvið í kennaranámi sem hér eru tilgreind liggja til grundvallar þeim viðhorfum, þekkingu og færni sem byggja skal á að námi loknu þegar starfsundirbúningur og frekari starfsreynsla tekur við. Færnisviðin eru samþætt þeirri faglegri starfsþróun sem boðið er upp á, svo sem námskeiðum fyrir sérkennara. Þessi færnisvið þurfa kennarar stöðugt að þroska með sér alla sína starfsævi.

4 - Þau gildi og færnisvið sem allir kennarar þurfa að vinna samkvæmt í skólum án aðgreiningar stangast ekki á við sérfræðinám og þjálfun sérkennara sem kunna að vera almennum kennurum til aðstoðar í starfi þeirra. Þessi gildi og færnisvið eru undirstaða allra sem stunda kennslu – almennra kennara jafnt sem sérkennara.

5 - Þau gildi og færnisvið sem lýst er hér eru vísitandi höfð víðtæk til að stuðla að því símenntun verði hluti af starfi kennara og þeir vinni af fagmennsku; læri af reynslunni og sinni starfsrannsóknunum.

6 - Gildin og færnisviðin geta stuðlað að faglegum þroska kennaranema og verið fræðsluáðilum til leiðbeiningar í starfi.

7 - Líta ber á gildin og færnisviðin sem eitt af grundvallaratriðunum þegar áfangar í almennu kennaranámi eru skipulagðir. Meginreglan um nám án aðgreiningar sem kerfisbundna aðferð ætti ekki síður að gilda um kennaranámið en almenna námskrá í skólum.

8 - Umræður um samþættingu gilda og færnisviða í kennaranámi þurfa að fara fram meðal ýmissa aðila sem starfa við mismunandi aðstæður í viðkomandi löndum. Með slíkum umræðum geta færnisviðin dregið úr því sambandsleysi sem virðist ríkja milli bekkjarkennara og annarra aðila sem koma að menntamálum.

Færnilýsingin í framkvæmd

Í menntunarverkefninu hefur verið óumdeilt samkomulag um að markmið almennrar kennaramenntunar skuli vera:

- að gera nýja kennara hæfari til að starfa í skólum án aðgreiningar;
- að gera nýja kennara skilvirka í starfi sínu, sem og sérfróða í tilteknum námsgreinum.

Færnilýsingin fyrir kennara í skólum án aðgreiningar var gerð í þeim tilgangi að stuðla að þessu markmiði í öllum áföngum kennaranámsins. Grunnildin og færnisviðin eru öll þverfagleg – þau beinast ekki að tilteknum greinum eða námssviðum. Á sama hátt henta þau ekki einni kennsluáðferð betur en annarri.



Færnilýsingin var fyrst og fremst unnin sem leiðbeiningaskjal um inntak og útfærslu almennrar kennaramenntunar. Hún er ekki forskrift að innihaldi kennaranámsins, heldur ber að líta á hana sem hvata til að viðeigandi námsefni verði tekið í notkun, aðferðir skipulagðar og æskilegur námsárangur í almennu kennaranámi skilgreindur.

Sérfræðingarnir sem unnu að verkefninu voru sammála um hvernig nota beri færnilýsinguna. En í umræðum meðal ýmissa þátttakenda kom fram að hugsanlega mætti einnig nota hana við aðrar aðstæður. Eftirfarandi tillögur um annars konar notkun hennar komu m.a. fram:

- Kennaranemar geta notað færnilýsinguna sem tæki til sjálfsskoðunar. Hún getur einkum þjónað sem leið til að sigrast á persónulegri reynslu af því að hafa verið útundan í skóla, varpað ljósi á mikilvæg viðhorf, þekkingarsvið og færni sem kennaranemar þurfa að íhuga á gagnrýninn hátt til að vinna gegn þeim staðalmyndum sem þeir kunna að hafa;
- Fræðsluaðilar geta notað færnilýsinguna sem umræðugrundvöll þegar hugmyndir um kosti og galla náms án aðgreiningar og viðhorf gagnvart nemendum er til umfjöllunar. Fræðsluaðilar geta einnig notað færnilýsinguna sem leiðarvísi í eigin starfi með kennaranemum sem eru með ólíkar þarfir;
- Starfandi kennarar geta notað færnilýsinguna sem leiðarvísi við greiningu á eigin forgangsmálum varðandi faglega starfsþróun í starfi;
- Skólastjórnendur geta litið á færnilýsinguna sem leiðarvísi þegar nýir kennarar koma til starfa og við áframhaldandi faglega þjálfun í tengslum við þróun skólustarfsins í heild sinni;
- Þeir sem sjá um starfsráðningar geta stuðst við færnilýsinguna við val á hæfum einstaklingum til að starfa í skólum. Færnilýsingin getur ef til vill einnig varpað ljósi á forgangsmálefni varðandi faglega starfsþróun annarra sérfræðinga sem starfa innan skólanna, í upphafi og til lengri tíma litið, (t.d. skólasálfræðinga og ráðgjafa).

Þessar síðastnefndu tillögur endurspeglu umræðu sem sífellt kom upp meðal þeirra sem unnu að verkefninu – grunngildin sem tilnefnd eru í færnilýsingunni eru ekki aðeins mikilvæg öllum kennurum, þau eru ekki síður mikilvæg í starfi skólastjórnenda, fræðsluaðila, annarra sérfræðinga í menntamálum og ráðamanna.

Þættir sem stuðla að innleiðingu færnilýsingarinnar

Á þeim þremur árum sem unnið var að verkefninu voru margar fyrirstöður gegn innleiðingu kennaramenntunar í anda skóla án aðgreiningar tilgreindar og ræddar. En þó er ljóst af því starfi sem þegar hefur verið unnið í viðkomandi löndum að með nýjum aðferðum má útrýma hugsanlegum fyrirstöðum. Hugleiðingar um slíka nýbreytni í starfi og þær sértæku umræður sem fram hafa farið við viðkomandi aðila um færnilýsinguna hafa leitt til þess að tilgreindir hafa verið nokkrir lykilþættir sem stuðla að innleiðingu hennar. Þessir þættir ná ekki einungis til hugsanlegrar notkunar hennar í almenna kennaranáminu, heldur einnig fleiri málefna sem varða stefnu og starf í skólum og kennaranámi.

Í eftirfarandi köflum eru þessir lykilþættir settir í samhengi við þann átta liða tillöguramma um kennaranámið sem settur var fram í yfirlitsskýrslunni um menntunarverkefnið (sjá nánari upplýsingar á <http://www.european-agency.org/publications/ereports/te4i-challenges-and-opportunities/te4i-challenges-and-opportunities>).

Tillögurnar gefa skýra vísbendingu um hver forgangsverkefnin varðandi framtíðarþróun kennaramenntunar í Evrópu eru. Einnig má segja að þeir þættir sem aðilar að verkefninu sögðu mikilvæga við innleiðingu færnilýsingarinnar séu að nokkru leyti í samræmi við þær megin tillögur sem settar eru fram í yfirlitsskýrslunni.



1. Þættir sem tengjast kennaramenntun

1.1 Inntaka nema í kennaranám

- Mat á fjölbreytileika meðal kennaranema ætti að vera grunngildi sem tekið er tillit til í stefnu og starfi menntastofnana;
- Skoða ætti hvort bakgrunnur nema í kennaranámi er einsleitur. Inntökuskilyrði í kennaranám og aðferðir þar að lútandi krefjast ítarlegrar skoðunar á því hvort fjölbreytileiki meðal nema sé hafður að leiðarljósi. Gera skal kennaranámið aðlaðandi fyrir fólk sem er með mismunandi bakgrunn og ýmiss konar félagslega sem og menningartengda reynslu með því að koma á sveigjanlegu fyrirkomulagi varðandi inntöku í námið. Einkum ber að hafa í huga fyrirkomulag sem stuðlar að inntöku fatlaðra einstaklinga (eins og kveðið er á um í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá 2006).

1.2 Kennaranámið

- Meginmarkmiðið með kennaranáminu ætti að vera það að veita fólki aðstoð við að móta sér eigin reynslu á sviði kennslufræði, byggðar á gagnrýninni hugsun og greiningarhæfni sem er í samræmi við þá þekkingu, færni og gildi sem færniröfurnar endurspeglar. Það ætti einnig að þroska með kennaranemum þá sýn að kennarinn gegni jafnframt víðtæku hlutverki í tengslum við skólann sem menntasamfélag.
- Líta ber á þær menningarlegu hefðir og gildi sem kennaranemar fylgja í námi sínu sem nauðsynlega undirstöðu þekkingaröflunar og færni. Kennaranámið skal byggja á þeirri reynslu sem fólk hefur af námi án aðgreiningar og, ef þörf krefur, losa það úr viðjum persónulegrar reynslu sinnar af sérkennslu. Koma þarf upp starfsháttum sem vinna gegn hvers kyns staðalmyndum og þroska með fólki næmni sem skapast með auknum skilningi á málefnum sem varða fjölbreytileika, svo og hæfni til að sýna þann skilning í verki.
- Kennaranemar þurfa að fá beina reynslu af því að vinna með nemendum með ólíkar þarfir sem og kennurum sem eru vanir að starfa í skólum án aðgreiningar. Kennaranemar þurfa að sjá fræðikenningar útfærðar í starfi og fá tækifæri til að auka þekkingu sína í vettvangsnámi í skólum án aðgreiningar.
- Beita skal þverfaglegum kennslu- og námsaðferðum í kennaranáminu í stað þess að byggja námskrána á tilteknum námsgreinum. Í námskránni ætti að ganga út frá því að starfseynsla í skólum án aðgreiningar sé liður á öllum fagsviðum. Varðandi slíka námskrá skal hafa eftirfarandi í huga:
 - Sérfræðingar þurfa að veita hana og meta með tilliti til sérþarfa einstaklinga og hópa sem kunna að verða útilokaðir frá almennu námi;
 - Hún þarf að ögra fólki þannig að það finni fyrir fyrirstöðum í námi sínu, og gefa því tækifæri til að leysa raunveruleg vandamál sem upp kunna að koma.
- Stefna þarf að því að láta „verkin tala“, þ.e. að fólk sýni á ýmsan hátt fram á mikilvægi grunnildanna og færnisviðanna í námi sínu og starfi. Mat á grunnildum og færnisviðum krefst fyrst og fremst mats á námsaðferðum í almennu kennaranámi. Einkum ætti að sannreyna viðhorf, þekkingu og hæfni á færnisviðum með ýmsum hætti og með ýmsum matsaðferðum, svo sem sjálfsmati, sameiginlegu mati nemanda, skólafélaga, námsráðgjafa og leiðbeinenda, sem og með námsmöppu.

1.3 Starf fræðsluaðila

- Þau grunngildi og færnisvið sem gerð er grein fyrir í færnilýsingunni eiga við um starf allra fræðsluaðila sem starfa í kennaramenntastofnunum. Fræðsluaðilar þurfa að vera kennaranemum fyrirmynd þar að lútandi. Fyrst og fremst þurfa þeir að sýna hvernig hafa skal fjölbreytileika í heiðri og veita nemendum sínum skilvirkan stuðning með því að beita



ýmsum kennslu- og matsaðferðum. Þeir þurfa einnig að koma á samstarfi við starfsfólk í skólum og fræðsluaðila í öðrum námsgreinum.

- Fræðsluaðilar þurfa að gera sér grein fyrir að eigin símenntun er hluti af starfi þeirra. Þeir þurfa að fá stuðning til að geta nýtt sér möguleika á faglegri starfsþróun í starfi sínu sem gerir þá að betri fagmönnum á sínu sviði.

- Til að geta stuðlað að því á skilvirkan hátt að kennaranemar verði hæfir til að starfa í skólum án aðgreiningar verða allir fræðsluaðilar einnig að tileinka sér þá þekkingu, færni og gildi sem færnisviðin endurspeгла, einkum ef þeir hafa ekki beina reynslu af því að starfa með nemendum með ólíkar þarfir. Ákjósanlegt væri að með faglegri starfsþróun sinni öðluðust fræðsluaðilar aukinn skilning á fjölbreytileika og málefnum þar að lútandi. Bein reynsla af starfi í skólum án aðgreiningar kann einnig að vera nauðsynleg ef fræðsluaðilar eiga að geta verið nemendum sínum góð fyrirmynd hvað varðar þau grunnildi og færnisvið sem kveðið er á um í færnilýsingunni, og gert þeim skilmerkilega grein fyrir því hvað felst í kennarastarfinu þegar um nemendur með ólíkar þarfir er að ræða.

1.4 Samstarf milli skóla og kennaramenntastofnana

- Til að kennaranemar geti öðlast nauðsynlega starfsreynslu í skólum þarf fyrirkomulag og úrræði innan menntastofnana að vera á þann veg að fræðsluaðilar og fagfólk sem starfar í skólum af mismunandi tagi, sem og annars staðar í samfélaginu, geti unnið saman.

- Einnig þarf að huga að því hlutverki sem kennaramenntastofnanir og umsjónaraðilar/kennarar, sem eru kennaranemum til leiðbeiningar í starfsþjálfun, gegna. Til að geta veitt kennaranemum viðeigandi stuðning við ýmsar aðstæður og hjálpað þeim að taka þátt í fjölbreyttu starfi sem fram fer í skólasamfélaginu (ekki bara við kennslu í skólastofunni) ætti starfsfólk í skólum að styðjast við þær aðferðir sem mælt er með í færnilýsingunni. Það sjálft verður því að eiga möguleika á að auka faglegan þroska sinn.

2. Þættir sem tengjast stefnu varðandi kennaranám og nám án aðgreiningar

2.1 Kerfisbundnir starfshættir

- Það er kennarinn sem sér um að nám án aðgreiningar fari fram í skólastofunni; hann gegnir þess vegna mikilvægu hlutverki. En það er ekki bara kennarinn sem á þátt í því að byggja upp skóla án aðgreiningar, hlutverk hans er liður í víðtækum og kerfisbundnum starfsháttum. Unnið er að því að tryggja rétt nemenda og koma á stuðningskerfi og úrræðum sem gera kleift að réttindum þeirra sé framfylgt á öllum skólastigum.

- Stefnumótandi aðilum innan sveitarfélaga og á landsvísu er gert að skapa framtíðarsýn á þessu sviði sem síðan er samræmd og notuð sem stefnumótunardrög fyrir skóla og kennaramenntun. Byggja ætti á gagnreyndum rannsóknum við þróun kennaramenntunar og stefnu í skólamálum. Samræma þarf stefnumálin ítarlega ef þau eiga að styðja við hvert annað og miða að sama marki.

- Í stefnumótun fyrir kennaranámið ætti að taka mið af skýrri framtíðarsýn menntastofnana sem starfa í anda náms án aðgreiningar. Miklu máli skiptir að stjórnendur setji fram, miðli og innleiði slíka framtíðarsýn. Efla skal starfshætti sem miða markvisst að námi án aðgreiningar í öllum áföngum. Nám án aðgreiningar verður að vera þverfaglegt hvað varðar námsgreinar og námssvið; því verður að taka tillit til annarra þverfaglegra álitamála, svo sem starfsráðninga og faglegrar starfsþróunar meðal fræðsluaðila í stefnumótuninni.

- Hugsa þarf að einsleitni meðal fræðsluaðila á sama hátt og gert er innan nemendahópsins. Kennaranemar þurfa að hafa fyrirmyndir – fræðsluaðila og ráðamenn – sem endurspeгла fjölbreytileikann í samfélaginu. Við starfsráðningar í menntastofnunum skal þess gætt að tekið sé tillit til fjölbreytileikans í nærsamfélaginu.



- Fræðsluaðilar verða að eiga möguleika á því að þroska sig í starfi – fá starfsþjálfun, leiðbeiningar og njóta starfsþróunar á faglegu sviði, slíkt styrkir þá í starfi sem fagmenn sem bera vitni um þau grunnildi og færnisvið sem færnilýsingin kveður á um.

2.2 Orðalag og hugtakanotkun

- Sameiginlegar skilgreiningar og sami skilningur á lykilhugtökum varðandi nám án aðgreiningar verður að vera til staðar. Viðkomandi aðilar eiga auðveldara með að vinna saman ef þeir nota sömu hugtökin um þau grunnildi og færnisvið sem færnilýsingin kveður á um.

- Líta skal svo á að nám án aðgreiningar sé fyrir alla nemendur. Í kennarastarfinu skal leggja áherslu á að sigrast á þeim fyrirstöðum sem koma í veg fyrir það. Í því felst að nám án aðgreiningar skal ekki lengur snúast um minnihluta nemenda, og greiningu á sérþörfum þeirra eða flokkun af einhverju tagi, sem getur haft neikvæð áhrif á námsárangur.

2.3 Stöðugur stuðningur við kennara

- Innleiðing náms án aðgreiningar skal vera sameiginlegt verkefni þar sem ýmsir aðilar gegna tilteknu hlutverki og hafa ákveðnum skyldum að gegna. Sá stuðningur sem bekkjarkennarar þurfa á að halda til að geta gegnt starfi sínu felst í því að þeir hafi aðgang að kerfi sem auðveldar þeim samskipti og samstarf við ýmsa sérfræðinga (m.a. sérfræðinga sem starfa innan æðri menntastofnana), sem og möguleikum á faglegri starfsþróun.

- Líta ber á grunnildin og færnisviðin sem leiðarvísi í áframhaldandi námi og faglegri starfsþróun. Starfsþjálfun og leiðsögn, fagleg starfsþróun og sértækar námsleiðir þurfa að vera í samræmi við þau grunnildi sem lögð var áhersla á í kennaranáminu. Koma skal að færnisviðunum, sem tilgreind eru í færnilýsingunni, aftur og aftur í náminu og fjalla um þau af stöðugt meiri kunnáttu og skilningi.

- Þau grunnildi og færnisvið, sem kveðið er á um í færnilýsingunni skal einnig hafa að leiðarljósi þegar um er að ræða starfsþjálfun fyrir þá kennara sem ekki hafa reynslu af kennslu án aðgreiningar.

- Hafa skal meginreglur um nám án aðgreiningar, ásamt grunnildum sem færnilýsingin kveður á um, að leiðarljósi í faglegri þjálfun skólustjórnenda. Viðhorf og skoðanir skólustjórnenda hafa afgerandi áhrif á það að hve miklu leyti stofnanamenning skóla og grunnildi færnilýsingarinnar fara saman.

2.4 Ábyrgðarskylda í samræmi við meginreglur um nám án aðgreiningar

- Brýnt er að kennarar og fræðsluaðilar starfi innan stofnana – skóla og kennaramenntastofnana – þ.e. námssamfélaga. Í slíkum námssamfélögum er sérfræðikunnátta þeirra mikils metin og starf þeirra eflt með skýrri framtíðarsýn og sameiginlegri námsmenningu sem stuðlar að námi án aðgreiningar á öllum stigum.

- Allt þróunarferli í skólum og kennaramenntastofnunum ætti að beinast að skipulagi í anda náms án aðgreiningar. Stuðla ætti að því, með gegnsæjum gæðastjórnunaraðferðum, að kennarar og fræðsluaðilar leggi sitt af mörkum við að leggja mat á og þróa skipulagða starfsemi sem byggir á sameiginlegum gildum.

- Skoða ætti starf kennara og fræðsluaðila með nemendum út frá ábyrgðarskyldu. Þannig skal tekið tillit til þess að góðum námsárangri má ná á ýmsan hátt, en ekki einblínt á tilteknar túlkanir á því í hverju velgengni í námi er fólgin.



Lokaorð

Hér er ekki um tæmandi yfirlit að ræða yfir þá þætti sem stuðla að innleiðingu færnilysingarinnar og rannsaka þarf nánar hvaða áhrif innleiðing hennar hefur innan einstakra landa. En hér verður þó gefið yfirlit yfir þær tillögur sem sérfræðingar verkefnisins og aðrir aðilar voru sammála um í kjölfar þeirra umræðna sem fram fóru.

Í færnilysingunni fyrir kennara í skólum án aðgreiningar er gerð grein fyrir grunngildum og færnisviðum sem kennarar sem starfa í skólum, sem og þeir sem kenna þeim, eiga að hafa í hávegum í starfi sínu með nemendum. Kennarar í skólum án aðgreiningar þurfa einnig á stuðningi að halda frá öðrum sérfræðingum í menntamálum; skólamenning, skipulag og stefnumótun á sviði menntunar, allt þetta í sameiningu ætti að gera starfið auðveldara. Þessir þættir þurfa að koma skýrt fram í kennaranáminu og í besta falli ættu þeir að vera liður í þeirri faglegu starfsþróun sem litið er á sem þungamiðju símenntunar.

HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR FÆRNILÝSINGARINNAR

Í færnilýsingunni fyrir kennara í skólum án aðgreiningar sem unnið var að í tengslum við verkefnið um kennaramenntunina eru sett fram þau grunngildi og færnisvið sem einhugur ríkir um að allir kennarar þurfi að hafa á valdi sínu. Þrjú atriði voru höfð til viðmiðunar við gerð þessarar lýsingar:

1 - Nám án aðgreiningar byggist fyrst og fremst á því viðhorfi til menntunar að farið sé að grundvallarreglum og réttindi virt, og ýmsum megingildum sem liggja þar að baki;

2 - Ýmis vandkvæði, bæði af hagnýtum og hugmyndafræðilegum toga, eru bundin því að leggja áherslu á einstök færnisvið kennara í skólum án aðgreiningar, og til að þessi lýsing gæti komið að gagni í ýmsum löndum og meðal viðkomandi aðila þurfti að nálgast viðfangsefnið á víðtækan hátt;

3 - Ekki er hægt að líta framhjá pólitískum forgangsmálum og áhrifum félagslegrar stefnu innan einstakra landa, en fyrir hendi er reglurammi, alþjóðlegur og innan ESB, sem öll lönd fylgja og hefur áhrif á nám án aðgreiningar og kennaramenntun.

Þessum atriðum er lýst í eftirfarandi köflum þar sem þau eru hugmyndafræðilegur grunnur færnilýsingarinnar.

Gildishlaðin nálgun varðandi nám án aðgreiningar

Í Evrópuáætluninni fyrir árið 2020 (http://ec.europa.eu/europe2020/index_en.htm) fjallar eitt af meginmarkmiðunum um menntamál. Með þessu markmiði er lögð skýr áhersla á hve miklu máli gildismat skiptir í menntakerfum Evrópu: „Á árunum fram til 2020 er meginmarkmiðið með Evrópusamstarfi að stuðla að frekari þróun menntakerfa í aðildarlöndunum þar sem miðað er að því að tryggja:

a) persónulega, félagslega og faglega stöðu allra þegna;

b) varanlegan hagvöxt, velmegun og starfshæfni, jafnframt því sem áhersla er lögð á lýðræðisleg gildi, félagslega samheldni, virka samfélagslega þátttöku og þvermenningarleg samskipti (Niðurstöður ráðsins, 2009, bls. 3).

Í rammaáætluninni um Evrópusamstarf á sviði náms og menntunar (ET2020) eru sett fram fjögur markmið varðandi næsta áratuginn. Markmið 3 snýst um: Að stuðla að réttlæti, félagslegri samheldni og virkri þátttöku í samfélaginu – með þessu markmiði er lögð áhersla á mikilvægi grunngilda: „Menntun skal stuðla að þvermenningarlegum samskiptum, lýðræðislegum gildum og virðingu fyrir grundvallarréttindum og umhverfisþáttum, sem og koma í veg fyrir mismunun og gera ungu fólki kleift að eiga jákvæð samskipti við jafnaldra sína hvaðanæva að.“ (bls. 4).

Í skýrslunni um Alþjóðlegu ráðstefnuna um nám án aðgreiningar árið 2008 er sýnt fram á eftirfarandi: „Nám án aðgreiningar er byggt á ákveðnum hugmyndum og gildum í samræmi við þá þjóðfélagsgerð sem koma skal upp og þeirri manngerð sem móta skal. Ef við viljum byggja upp samfélag án aðgreiningar, þar sem fjölbreytileiki nýtur aukins umburðarlyndis og virðingar, er mikilvægt að námsmenn eigi kost á að þroska og sannreyna þau gildi í námi sínu, jafnt innan sem utan menntastofnana.“ (bls. 11).

Ljóst er að hugarfarsbreyting hefur átt sér stað og ekki er lengur litið á nám án aðgreiningar á þann þröngsýna hátt að sýna þurfi skilning og sigrast á hömlun, heldur er það almennt viðurkennt að um er ræða þætti á borð við kynferði, þjóðerni, stétt, félagslegar aðstæður, heilbrigði og mannréttindi, sem ná til almennrar þátttöku í samfélaginu, aðgengis og árangurs (Ouane, 2008).



Í 24. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2006) er lögð áhersla á að fatlaðir eigi rétt til menntunar. Enn fremur er kveðið á um eftirfarandi: „Aðildarríki viðurkenna rétt fatlaðra til menntunar. Þau skulu, í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri, koma á allsherjar menntakerfi á öllum skólastigum og símenntun sem miðar að því: Að auka mannlega getu til fulls og tilfinningu fyrir reisu og eigin verðleikum og auka virðingu fyrir mannréttindum, mannfrelsi og mannlegri fjölbreytni.“ (bls. 17).

Hjá UNESCO og UNICEF (2007) er þó eftirfarandi tekið fram: „Rétturinn til menntunar felur í sér að öllum sé tryggt aðgengi að námi, einnig að gerðar séu allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ná til þeirra barna sem búa við mesta einangrun. En ekki nægir að börnin gangi í skóla; það eitt er engin trygging fyrir því að þau fái þá menntun sem gerir einstaklingum kleift að ná efnahagslegum og félagslegum markmiðum sínum, og öðlast þá færni, þekkingu, gildismat og viðhorf sem gerir þá að ábyrgum og virkum þjóðfélagsþegnum.“ (bls. 27).

Nám án aðgreiningar öllum nemendum til handa skal byggja upp á heildstæðan hátt og það gerir meiri kröfur til kennara en svo að þeir skuli einungis koma námsefni til skila. Hjá UNESCO (2008) segir: „Ef koma skal á námsaðferðum sem byggjast á réttindum í því skyni að nám án aðgreiningar verði að veruleika þurfa að fara fram víðtækar endurbætur á skólakerfinu, þar á meðal breyting á stjórnskipulegri ábyrgð og stefnu, námskrá, menntun kennara, námsefni, námsumhverfi, aðferðafræði, fjárveitingum, o.s.frv. Umfram allt þarf að fara fram almenn viðhorfsbreyting alls staðar í kerfinu, þannig að litið sé á fjölbreytileika á jákvæðan hátt; að hann skapi tækifæri en ekki vandamál.“ (bls. 29).

Nám án aðgreiningar er mótandi hugmynd sem hefur áhrif á stefnumál og útfærslu námsaðferða í grunnskólum, framhaldsskólum og kennaranámi. Markmiðum náms án aðgreiningar verður náð innan menntakerfa þar sem allir njóta jafnréttis og litið er á skóla sem samfélagslegt bjargráð. Í námi án aðgreiningar er tekið tillit til allra nemenda; miðað er að aukinni þátttöku einstaklingsins í því námi sem stendur til boða og að hann sé ekki útilokaður frá því að mennta sig og taka þátt í samfélaginu.

Í stuttu máli sagt byggist nám án aðgreiningar fyrst og fremst á því viðhorfi að farið sé að grundvallarreglum og réttindi virt, sem og ýmsum megingildum sem liggja þar að baki: jafnrétti, þátttöku og samfélagi sem veitir aðhald og stuðlar að þroska og virðingu fyrir fjölbreytileika. Grunnildi kennara eru ráðandi afl í starfi þeirra. Í *World Report on Disability* (2011) segir: „Mikilvægt er að almennir kennara fái viðeigandi fræðslu til að verða færir um að kenna börnum með ólíkar þarfir.“ (bls. 222). Í skýrslunni er lögð skýr áhersla á að í kennaranáminu skuli leggja áherslu á viðhorf og gildi, en ekki einungis þekkingu og færni.

Í skýrslunni um jafningjafræðslu þar sem fjallað er um faglegan þroska kennara (2011) er tekið fram að „ekki sé hægt að lýsa eða gera grein fyrir öllum þáttum kennarastarfsins; þættir á borð við fagleg gildi kennarans, færni og viðhorf geti verið eins mikilvægir og aðrir þættir sem auðveldara er að mæla.“ (bls. 7). Í skýrslunni kemur fram að í Evrópu „... séu þeir liðir sem lýsa jafnan færni kennara: þekking, færni og gildismat.“ (bls. 10).

Því var samkomulag um að grunnildin væru það grundvallaratriði sem ganga skal út frá varðandi hæfni kennara til að starfa í skólum án aðgreiningar. Grunnildin fjögur varðandi nám og kennslu öllum nemendum til handa, sem gerð er grein fyrir í menntunarverkefninu – að virða fjölbreytileika nemenda, veita öllum nemendum stuðning, samvinna með öðrum og þroski einstaklingsins í starfi – eru sá grundvöllur sem allir kennarar þurfa að byggja á til að öðlast þekkingu og skilning og þá færni sem nauðsynleg er til að geta starfað í skólum án aðgreiningar.

Í verkefninu er sýnt fram á að þessi grunnildi:



- séu meginreglur sem sannreyna megi í starfi hvers kennara;
- verði að „hagnýtri þekkingu sem studd er fræðikenningum“ vegna þeirra námstækifæra sem standa til boða í kennaranáminu.

Færnisviðin í raun

Þau grunnildir sem tilgreind hafa verið sem mikilvæg kennurum sem starfa í skólum án aðgreiningar hafa verið lögð til grundvallar þegar skilgreind er sú færni sem allir kennarar þurfa að búa yfir. Sú áhersla sem lögð var á færni kennara í þessu verkefni var tilkomin að beiðni fulltrúa aðildarlandanna og stuðst var við starf sem þegar hafði farið fram innan einstakra landa sem og á alþjóðavísu.

Í OECD-skýrslunni, *Teachers Matter*, er á alþjóðavísu gerð grein fyrir: ýmsum persónulegum eiginleikum og færni sem auka gæði og skilvirkni í kennarastarfinu (bls. 100). Sú færni sem tilgreind er snýst um þekkingu á námsgreinum sem og þverfaglega hæfni af ýmsu tagi (svo sem samskiptaeiginleika, sjálfsstjórn, skipulagsgáfu og hæfni til að leysa vandamál).

Flestar þær þjóðir sem taka þátt í verkefninu fjalla um hæfni kennara út frá stefnumótun á landsvísu eða á sviði kennaramenntunar. Yfirlit yfir færnikröfur í almennu kennaranámi er að finna í viðauka 1. (Þessar upplýsingar eru teknar upp úr landsskýrslum verkefnisins og eru tiltækar á: <http://www.european-agency.org/agency-projects/teacher-education-for-inclusion/country-info>)

Hafa ber þó í huga að afar mismunandi er milli landa hvaða skilningur er lagður í færni og/eða hvernig henni skuli almennt beitt í kennaranámi. Þegar unnið var að verkefninu kom í ljós að ekki var einungis munur á því milli landa hvaða færni var talið mikilvægast að kennarar hefðu til að bera, heldur var hugtakið færni einnig túlkað á ólíkan hátt.

Í skýrslunni um kennaramenntunina er eftirfarandi tekið fram: hugtökin „færni“ og „staðlar“ hafa ekki sömu innbyrðis merkingu, og sérfræðingar hafa komist að samkomulagi um að eftirfarandi skilgreiningar skuli nota í verkefninu:

Staðlar vísa venjulega til tiltekinnar aðferða og hægt er að meta áfanga í kennaranámi út frá þeim – sem og heildarniðurstöðu í námslok.

Færni þróast með tímanum og kennaranemar og kennarar sýna stöðugt aukna leikni við ýmsar aðstæður. Þannig er færnin í senn undirstaða kennaranámsins og grundvöllur faglegrar starfsþróunar (Skýrslan um kennaramenntun, 2011, bls. 46).

Í umræðum sem fram fóru í verkefnisvinnunni voru sérfræðingar viðkomandi landa allir sammála um að ýmis vandkvæði, bæði af hagnýtum og hugmyndafræðilegum toga, væru bundin því að leggja áherslu á „einstök færnisvið kennara“ og lögðu áherslu á að varast þyrfti eftirfarandi atriði:

- að starf sem þegar hefði verið innt af hendi í þátttökuöndunum við að tilgreina og flokka tiltekna færni í tilteknu samhengi skyldi ekki endurtekið;
- að gerð yrði of einföld færnilýsing fyrir kennara sem túlka mætti sem „vélræna“;
- að gerð yrði tillaga um eins konar forskrift sem hvorki hentaði né hægt væri að nota til grundvallar áframhaldandi starfi á þessu sviði innan einstakra landa.

Það módel sem þróað var og notað í færnilýsingunni fyrir kennara í skólum án aðgreiningar byggist því á hugmyndinni um fjölbætt „færnisvið“.

Færnisviðin sem tengjast þeim grunnildum náms án aðgreiningar sem gerð er grein fyrir í þessari lýsingu byggjast öll á þremur þáttum:



- viðhorfum og skoðunum;
- þekkingu og skilningi;
- hæfni og getu.

Tiltekið *viðhorf* eða skoðun krefst tiltekinnar *þekkingar* eða skilnings og síðan *hæfni* til að geta nýtt sér þessa þekkingu í starfi. Getið er um nauðsynleg viðhorf, þekkingu og hæfni á hverju færnisviði sem tilgreint er.

Hér er stuðst við Ryan (2009) sem lýsir viðhorfum sem „fjölpættum einkennum/eiginleikum“, en þó aðallega við þá hugmyndafræði Shulmans (2007) að höfuð (þekking), hönd (færni eða framkvæmd) og hjarta (viðhorf og skoðanir) liggi til grundvallar faglegu starfi.

Mikilvægt er að taka fram að sú aðferð sem hér er beitt er í samræmi við sjónarmið fjölda námsmanna sem tóku þátt í námsferðunum sem farnar voru árið 2011 til ýmissa landa. Ungu fólknið var spurt álit á því „hvað það sé sem geri kennara að góðum kennara“ og „hvað góðir kennarar geri til að auðvelda nemendum sínum námið“.

Svör þeirra gáfu vísbendingu um að þeim fyndist mikilvægt að kennarinn byggi yfir alhliða hæfni. Þeir svöruðu með orðalagi á borð við að góðir kennarar væru „notalegir“ og „með kímni“; þeir „útskýrðu hlutina vel“ og „skipuleggðu alls konar viðfangsefni“ svo sem að „láta okkur vinna saman í hópum“. Þeir „segja okkur álit sitt“, en fyrst og fremst „gera þeir námið skemmtilegt og áhugavert!“

Þessi svör virðast bera vott um afar einfaldar hugmyndir, en í þeim felast ótvíræð og flókin skilaboð til allra sem kenna í skólum án aðgreiningar – kennarastarfið er ekki hægt að búa niður í gátlista yfir augljósa hæfni eða kunnáttu sem auðvelt er að meta út frá frammistöðu í prófum.

Þau færnisvið sem tilgreind eru í færnilýsingunni ná til allra þeirra þátta í starfi kennarans sem til umfjöllunar voru innan viðkomandi landa varðandi færni – kennslu, samstarf við aðra, færni í skólastarfi og innan menntakerfisins. En hafa skal í huga að færnisviðin byggja á fjórum grunnildum náms án aðgreiningar, og líta ber á þau sem samtvinnuð og algjörlega háð hvert öðru.

Skólar og kennaramenntun í tengslum við forgangsmál á Evrópuvísu

Færnilýsingin fyrir kennara í skólum án aðgreiningar tengist þremur sviðum stefnumála á Evrópuvísu: í fyrsta lagi er um að ræða grunnfærni á sviði símenntunar; í öðru lagi færni á sviði æðri menntunar; og síðast en ekki síst umbætur á sviði kennaramenntunar.

Kveðið er á um þá lykilhæfni sem allir þegnar þurfa að búa yfir hvað símenntun varðar í tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins frá 18. desember 2006. Hún er skilgreind í átta liðum:

1. Samskipti/tjáning á móðurmáli;
2. Samskipti/tjáning á erlendum tungumálum;
3. Stærðfræðihæfni og grunnhæfni í vísindum og tækni;
4. Hæfni í upplýsingatækni;
5. Náms-hæfni;
6. Félagsleg og borgarleg hæfni;
7. Frumkvæði og framtakssemi; og
8. Menningarlæsi og tjáning.



Lögð er áhersla á mikilvægi þessara átta þátta í markmiði 3 í rammaáætluninni um Evrópusamstarf á sviði náms og menntunar (ET 2020), þar sem segir: „Stefnan í menntamálum ætti að gera öllum þegnum fært, hverjar svo sem persónulegar, félagslegar eða efnahagslegar aðstæður þeirra eru, að öðlast, viðhalda og þroska með sér starfsfærni allt sitt líf, sem og þá lykilhæfni sem þarf til að gera þá hæfa í starfi, og stuðla að frekara námi, virkri þátttöku í samfélaginu og þvermenningarlegum samskiptum.“ (bls. 4).

Þróun lykilhæfni í skólum er í nánun samhengi við færnimiðaðar aðferðir í háskólanámi. Í skýrslu óformlegs gæðastjórnunarhóps í desember 2003, í tengslum við Bologna-ferlið, kom fram stuðningur við niðurstöðumiðaðar aðferðir í háskólanámi, og einnig var mælt með færnimiðuðum aðferðum þar sem nemendur: „... geti notað þekkingu sína og skilning á þann hátt að þeir sýni faglega nálgun í starfi og búi yfir færni til að setja fram og rökstyðja hugmyndir sínar og leysa vandamál á fræðisviði sínu (bls. 33).

Bergan og Damian (2010) taka undir þetta og í Evrópuráðsskýrslu rökstyðja þeir að líta skuli á faglegan þroska nemenda sem lið í námi á háskólastigi – að sú færni sem þeir öðlast fari eftir því markmiði sem sett er í viðkomandi námi. Þeir telja að með svokallaðri „heildarfærni“ sé lögð áhersla á hve brýnt sé að einstaklingurinn öðlist alhliða menntun; að líta beri á menntun sem það að öðlast þekkingu og hæfni, en einnig það að móta með sér lífsgildi og viðhorf.

Ýmis atriði varðandi kennaranámið eru augljós: kennaranemum skal kennt með færnimiðuðum aðferðum þar sem nám þeirra skilar þá meiri árangri og veitir þeim undirbúning undir að beita sjálfir færnimiðuðum aðferðum í kennslu þegar þar að kemur. Og í skýrslunni um kennaramenntun (2011) segir: „Nýjum kennurum verður að vera ljóst hve flókið það er að kenna og læra og hve margir þættir hafa áhrif þar á. Þeir skulu ganga út frá því að allir nemendur séu virkir í námi sínu og skilji það sem þeir eru að læra í stað þess að láta ‘mata sig’ á fyrirfram ákveðnu námsefni.“ (bls. 68).

Í nýlegum niðurstöðum ráðsins – frá 2007, 2008 og 2009 – eru tilgreind forgangsmál varðandi kennaramenntunina, eins og fram kemur hjá menntamálaráðherrum aðildarlandanna. Yfirlit yfir þau er að finna í skýrslunni *Aukin gæði kennara: stefnuskrá Evrópusambandsins* sem unnin var af Paul Holdsworth, mennta- og menningarmáladeild framkvæmdastjórnar ESB, árið 2010, sem framlag í umræðunni um verkefnið um kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar. Skýrslan er birt óstytt í viðauka 2.

Tíu forgangsmálefni eru tilgreind í þessum þremur niðurstöðum ráðsins:

1. Stuðla skal að faglegum gildum og viðhorfi;
2. Auka skal færni kennara;
3. Inntökuferli skal miða að auknum gæðum menntunar;
4. Auka skal gæði almennrar kennaramenntunar;
5. Kynna skal öllum nýjum kennurum áætlanir um þjálfun í starfi;
6. Sjá skal til þess að allir kennarar fái leiðsögn og stuðning;
7. Auka skal faglega starfsþróun, bæði af magni og gæðum;
8. Skólastjórnun;
9. Tryggja skal gæði fræðsluaðila;
10. Gera skal umbætur á menntakerfinu að því er lýtur að kennaramenntun.

Í námsferðunum sem farnar voru til ýmissa landa árið 2010 var fjallað um þessa skýrslu meðal sérfræðinga í tengslum við færnilýsinguna sem til stóð að gera. Þessi umfjöllun leiddi til þess að líta skal á færnilýsinguna í tengslum við forgangsmál í stefnu ESB um



aukin gæði kennaramenntunar, að fagleg gildi og viðhorf séu í hávegum höfð og færni kennara aukin. Þrjú atriði ber þó að nefna:

- Grunnildin náms án aðgreiningar sem tilgreind eru í færnilýsingunni eru forsenda allra þessara forgangsmála;
- Færnisviðin sem tilgreind eru í færnilýsingunni tengjast öllum þessum forgangsmálum á einn eða annan hátt og ekki er um neinar mótsagnir að ræða;
- Í færnilýsingunni eru tilgreind önnur forgangsmál sem e.t.v. þarf að taka tillit til í stefnumótun um kennaramenntun á Evrópuvísu – fyrst og fremst er um það að ræða að nám án aðgreiningar sé mannréttindamál og að nám án aðgreiningar sé öllum nemendum til stuðnings.

Í niðurstöðum ráðsins varðandi félagslegan þátt menntunar og starfsþjálfunar (2010) er tekið undir þá staðhæfingu að grunnildin og færnisviðin sem gerð er grein fyrir í færnilýsingunni komi öllum nemendum til góða, ekki bara þeim sem eiga á hættu að einangrast: „Þegar sköpuð eru skilyrði þess að vel takist til við aðlögun nemenda með sérþarfir í almennum skólum njóta allir nemendur góðs af. Með því að beita persónulegum aðferðum, svo sem einstaklingsmiðuðum námsáætlunum og námsmati til stuðnings í námsferlinu, ráða til starfa kennara sem eru færir um að stjórna og nýta kosti fjölbreytileika meðal nemenda, stuðla að samvinnu í kennslu og námi, og auknu aðgengi og þátttöku, er stuðlað að auknum gæðum fyrir alla.“ (bls. 5).

AÐFERÐIR SEM BEITT VAR VIÐ GERÐ FÆRNILÝSINGARINNAR

Á því þriggja ára tímabili sem unnið var að menntunarverkefninu tókst að ljúka ýmsum þáttum sem lúta að gerð færnilýsingarinnar. Í þessum kafla er gerð ítarleg grein fyrir helstu atriðunum í því skyni að:

- gefa nákvæmt yfirlit yfir hvernig umfang og innihald færnilýsingarinnar var mótað lið fyrir lið.
- þakka fyrir ómetanlegt framlag sérfræðinga sem tóku þátt í verkefninu, svo og námsferðir til fjórtán gestgjafalanda og aðstoð rúmlega 400 fulltrúa aðildarhópa sem komu að undirbúningi færnilýsingarinnar sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu.

Í þessum kafla er því að finna upplýsingar um hvernig vinnan við færnilýsinguna fór fram.

Síðla árs 2009 lagði starfsfólk Evrópumíðstöðvarinnar fram efnisdrög til að hvetja til umræðna meðal sérfræðinganna. Í þeim voru talin upp ýmis lykilatriði og hugmyndir varðandi færni þeirra sem annast kennslu fyrir verðandi kennara í skólum án aðgreiningar; byggt var á yfirliti yfir viðkomandi rannsóknir og upplýsingum um stefnumál, sem og framlagi frá ráðgjafarhópi verkefnisins.

Skipulagðar voru námsferðir til ýmissa landa á árunum 2010 og 2011. Öllum þátttökupjóðunum var boðið að sækja um gestgjafahlutverkið í slíkum ferðum þar sem fjallað yrði um meginviðfangsefni verkefnisins. Ráðgjafarhópurinn og annað starfsfólk á vegum verkefnisins fjallaði síðan um umsóknirnar og skipulagði heimsóknir í samræmi við tilsett skilyrði. Um var að ræða mikilvægi tiltekins málaflokks, möguleika á að kanna ýmsar aðferðir í kennaranámi, einnig skyldi gæta landfræðilegs jafnvægis við ferðatilhögun.

Í námsferðunum fimm sem farnar voru á vormánuðum árið 2010 var fjallað um drögin að færnilýsingunni sem og tiltekin málefni varðandi færnimiðaðar aðferðir sem tilgreind höfðu verið af gestgjöfunum sem meginviðfangsefni í námsferðum til þeirra. Námsferðir og meginviðfangsefni:

Belfast, Bretlandseyjar (Norður-Írland): Kannað var hvernig til hefði tekist að mennta kennara til starfa í skólum án aðgreiningar á Norður-Írlandi, og hvaða fleiri möguleika þarf að skoða í almenna menntakerfinu til að kennarar geti nýtt / útfært færni sína á sem bestan hátt.

Porto, Portúgal: Kannað var hvernig færnilýsing getur stuðlað að þróun viðhorfa og gilda sem og þekkingar og hæfni sem kennarar þurfa að búa yfir til að geta starfað í skólum án aðgreiningar.

Eger, Ungverjalandi: Skoðað var hvaða efnisflokka færnilýsing skal innihalda, einkum með það í huga hvernig kennaranám þarf að vera til að sú þekking og hæfni sem kveðið er á um í slíkri lýsingu skili sér.

Borås, Svíþjóð: Kannað var hvernig fræðsluaðilar skulu tryggja að kennaranemar fái nauðsynlegan undirbúning til að geta starfað í skólum án aðgreiningar; einkum hvernig fræðsluaðilar geti verið nemendum sínum fyrirmynd.

Utrecht, Hollandi: Kannað var hvernig færnilýsingar geta verið liður í að móta stefnu á sviði náms án aðgreiningar. Einkum hvaða stefnuramma þarf að setja í kennaranáminu, sem og námi án aðgreiningar, til að hægt sé að innleiða slíka lýsingu.

Upplýsingar um allar námsferðirnar er að finna á: <http://www.european-agency.org/agency-projects/Teacher-Education-for-Inclusion>

Allir fundirnir fimm samanstóðu af eftirfarandi dagskrárliðum:



- Kynningu gestgjafa á viðfangsefni fundarins sem og dæmum um hvernig starfsemin fer fram í viðkomandi landi;
- Stuttum ávörp allra sérfræðinganna um viðfangsefnið eins og það blasir við í heimalöndum þeirra;
- Umræðufundum sérfræðinga og ýmissa aðila á viðkomandi sviði í gestgjafalandinu;
- Lokuðum umræðufundum þar sem sérfræðingar fjölluðu um meginatriðin varðandi gerð færnilysingarinnar.

Auk sérfræðinganna tóku yfir 100 sérfræðingar í menntamálum þátt í ýmsum viðburðum sem fram fóru í þessum fimm námsferðum – þar á meðal stefnumótendur, fræðsluaðilar, kennaranemar, starfsfólk í skólum, stuðningsfulltrúar og fulltrúar ýmissa samfélagshópa.

Jafnframt því sem fjallað var um efnislega þætti færnilysingarinnar var lögð áhersla á eftirfarandi lykilatriði sem fram komu í námsferðunum:

- Þá staðreynd að færni er ekki hægt að setja fram á gátlista sem síðan er „unnið“ samkvæmt;
- Mikilvægi þeirra gilda og viðhorfa sem liggja til grundvallar menntun almennt, fyrst og fremst námi án aðgreiningar, og taka verður tillit til í kennaranáminu.

Í kjölfar námsferðanna árið 2010 voru lögð fram endurskoðuð og ítarlegri drög til umfjöllunar á verkefnisfundinum sem haldinn var í Zürich haustið 2010. Þessi drög voru að tvennu leyti ólík fyrri gerðinni. Í fyrsta lagi var lagt til að færnilysingin skyldi snúast um *grunnildi* sem allir kennarar skyldu ganga út frá í störfum sínum (þrjú grunnildi voru sett fram að þessu sinni). Í öðru lagi var lagt til að í stað þess að geta um færni á einstökum sviðum skyldi leggja fram tillögu um færnisvið sem samanstæðu af þremur þáttum – viðhorfi, þekkingu og hæfni.

Allir sérfræðingarnir voru sammála um þessar breytingar og tiltekna tillögur þeirra um efnisleg atriði í þessari framsetningu yrðu notaðar við endurgerð lýsingarinnar. Í nýju útgáfunni voru síðan sett fram fjögur grunnildi ásamt ýmsum tilteknum færnisviðum sem renndu stoðum undir viðkomandi gildi.

Gengið var út frá þessari útgáfu í ýmsum „mats“-aðgerðum sem fram fóru í þeim níu námsferðum sem farnar voru árið 2011. Í verkefnisvinnunni var litið svo á að matið væri samkomulagsatriði milli viðkomandi aðila um þann tillöguramma sem gerður var um gildi og færnisvið, sem og tiltekna efnisþætti færnilysingarinnar.

Farið var til *Nicosia (Kýpur)*, *Valletta (Möltu)* og *Stavanger (Noregi)* í mars; *Riga (Lettlandi)* og *Rovaniemi (Finnlandi)* í apríl; og *London (Bretlandseyjum, Englandi)*, *Pontevedra (Spáni)*, *Esbjerg (Danmörku)* og *Linz (Austurríki)* í maí 2011.

Upplýsingar um allar námsferðirnar sem farnar voru árið 2011 er að finna á: <http://www.european-agency.org/agency-projects/Teacher-Education-for-Inclusion/country-study-visits>

Áður en umræður fóru fram í námsferðunum fengu allir þátttakendur (einnig aðilar í viðkomandi landi) eintök af drögunum, ýmist í fullri lengd eða samantekt, áður en fundirnir fóru fram. Enn fremur voru allir sérfræðingarnir beðnir um að greina frá því hvaða sjónarmið væru ríkjandi í heimalöndum þeirra varðandi aðferðir á þessu sviði; sýna fram á að hve miklu leyti þær aðferðir kæmu fram í námskrá um kennaramenntun og draga fram þá þætti sem mikilvægt væri að fjalla um í umræðum um færnilysinguna.

Þar sem meginmarkmiðið með námsferðunum árið 2011 var að fá fram viðbrögð ýmissa aðila sem koma að kennaranámi um innihald færnilysingarinnar og hugsanlegt gagn sem



hafa má af henni, skipulögðu gestgjafar hverju sinni alls kyns viðburði sem ýmsir fulltrúar tóku þátt í. Þar á meðal heimsóknir og skoðunarferðir í skóla og inn í skólastofur, heimsóknir í kennaramenntastofnanir og kynningar á stefnu og starfi viðkomandi landa á sviði kennaramenntunar.

En mikilvægast var að í öllum þessum heimsóknum fóru fram umræðufundir af ýmsu tagi þar sem fjallað var um færnilýsinguna – innihald hennar og það gagn sem af henni mætti hafa. Þessar umræður voru mjög líflegar og fóru fram í málefnaþópum þar sem viðkomandi aðilar voru hvattir til að greina frá hugmyndum sínum; sérfræðingarnir og annað fagfólk fjallaði síðan nánar um þær hugmyndir.

Þessar umræður voru allt frá samtölum sem fóru fram innan fámennra hópa til fjölmennari funda með þátttöku rúmlega 50 fulltrúa.

Auk sérfræðinganna tók rúmlega 300 manns þátt í þessum níu heimsóknum. Þar á meðal:

- Námsmenn (bæði með og án sérþarfa), foreldrar þeirra og fjölskyldumeðlimir;
- Fulltrúar viðkomandi sveitafélags;
- Kennarar, skólastjórnendur, sérkennarar og stuðningsfulltrúar;
- Aðilar úr þverfaglegum teymum (þar á meðal skólasálfræðingar, félagsráðgjafar og fagfólk í heilbrigðisþjónustu);
- Skólastjórnendur, ráðamenn og stefnumótandi aðilar á viðkomandi stað;
- Nýútskrifaðir kennarar;
- Kennaranemar – bæði í almennu kennaranámi og í starfsþjálfun;
- Fræðsluaðilar sem starfa innan námsáætlana sem byggjast á námi án aðgreiningar, sérkennslu og tilteknum námsgreinum;
- Stjórnendur í kennaramenntastofnunum (rektorar, skólameistarar og deildarstjórar);
- Stefnumótendur á landsvísu á sviði náms án aðgreiningar og kennaramenntunar.

Í námsferðunum árið 2011 studdu ýmsir mikilvægir þættir matið á færnilýsingunni og allir aðilarnir tóku þátt í fundum og umræðum. Í hverri ferð var einnig búið til eins konar „sniðmát“ þar sem allir sérfræðingarnir og nokkrir lykilaðilar settu inn álit sitt á færnilýsingunni. Gerð er grein fyrir þessu sniðmáti í Viðauka 3.

Enn fremur var upplýsingaöflunin tvískipt í þessum ferðum:

Öflun matsupplýsinga: Álit manna á lýsingunni var safnað með ofangreindu sniðmáti í námsferðunum til Kýpur, Möltu, Noregs, Lettlands og Finnlands og síðan voru þær upplýsingar greindar af starfsfólki verkefnisins til að fá fram meginþemu og hugmyndir.

Sannprófun upplýsinga: Lykilatriðin sem lögð voru fram í fyrstu ferðunum voru kynnt fyrir þátttakendum í ferðunum til Danmerkur, Spánnar, Bretlands (Englands) og Austurríkis. Þeir voru beðnir að gefa álit sitt á þeim atriðum sem tilgreind voru í fyrri námsferðunum til að sjá mætti hvort niðurstöðurnar væru samþykktar eða dregnar í efa.

Alls fengust skrifleg svör frá 71 aðila og voru þau sett í greiningu; 37 svör tilheyrðu matshlutanum og 34 sannprófunarhlutanum.

Þar sem söfnun upplýsinga var tvískipt, skipulag námsferðanna eins, en hópur þátttakenda breytilegur, var hægt að beita ýmiss konar margprófun (triangulation). Denzin (1979) tilgreindi upphaflega fjórar gerðir margprófunar, sem Creswell og Miller (2000) hafa m.a. fjallað um á síðari árum. Tveimur þessara aðferða var beitt í námsferðunum: *margprófun gagna* (sams konar söfnunarferli er endurtekið níu sinnum, þannig að unnið er



úr níu „gagnasöfnum“) og *fleiri en einn rannsakandi í sömu rannsókn afli gagna* (tveir verkefnisstjórar og níu sérfræðingateymi nota sömu aðferð við söfnun upplýsinga).

Við greiningu á upplýsingum úr ferðunum níu voru þetta helstu niðurstöðurnar:

- Samkomulag var um grunnramma færnilysingarinnar sem byggður var á fjórum grunnildum og færnisviðum;
- Samkomulag var um öll færnisviðin, sem getið var um í drögunum, í öllum námsferðunum. Umræðan snerist þó helst um að bæta þyrfti við fleiri færnisviðum;
- Nefnd voru ýmis vandamál varðandi innleiðingu færnilysingarinnar. Lagt var til að efnið þar að lútandi skyldi endurvinnna í sérstökum kafla þar sem fjallað yrði um hvernig standa mætti að innleiðingu færnilysingarinnar.

Ýmsar hugmyndir sem fram komu í ferðunum árið 2011 urðu til þess að lokagerð færnilysingarinnar varð til. Hún var síðan send til allra fulltrúa Evrópumíðstöðvarinnar og sérfræðinga verkefnisins í ársbyrjun 2012 og þeir beðnir um gera athugasemdir. Lokadrögin voru einnig kynnt á ráðstefnunni í Brussel vorið 2012.

Þá fengu sérfræðingarnir lokatækifæri til að gera athugasemdir við textann og auk þess fjölluðu eftirfarandi aðilar um það gildi sem færnilysingin kynni að hafa: fulltrúar UNESCO og UNICEF CEE/CIS, sem og ræðumenn sem komu fram sem fulltrúar lykilaðila á sviði menntamála, nýútskrifaðra kennara og kennaranema.

(Upplýsingar um ráðstefnuna og innlegg allra ræðumanna er að finna á: <http://www.european-agency.org/agency-projects/teacher-education-for-inclusion/dissemination-conference>)

Tekið var tillit til allra greinargerða og athugasemda sem fram komu á ráðstefnunni við lokagerð færnilysingarinnar og stuðningsefnisins sem hér er birt í fullri lengd.

ÞRÓUN FÆRNILÝSINGARINNAR TIL FRAMTÍÐAR

Í fyrirlestri sínum á verkefnisfundinum í Zürich haustið 2010 sagði aðalfyrirlesarinn Tony Booth: „Það vald sem við höfum sem fræðsluaðilar felst í því að fá aðra til samræðna – það er allt og sumt.“

Þessi skoðun hans sýnir hvaða tilgangi færnilýsingin þjónar – að fá aðra til að taka þátt í umræðum. Vonir standa til að færnilýsingin sjálf, sem og stuðningsefni hennar, verði notuð á ýmsan hátt í óformlegu starfi innan einstakra landa, á Evrópuvísu og jafnvel alþjóðavettvangi í tengslum við kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar. Sameiginlegur áhugi er meðal aðila um allan heim á uppbyggingu náms án aðgreiningar. Færnilýsingin skapar möguleika á nýjum eða áframhaldandi umræðum, ekki einungis um færni kennara heldur um víðtækari markmið á sviði náms án aðgreiningar.

Tekið skal fram að innihald þessarar stuttu skýrslu er ekki endanlegt og ekki er hægt að yfirfæra það óbreytt inn í hvaða aðstæður sem er í viðkomandi löndum. Unnið var að henni í því skyni að það hvetti til frekari umræðna þannig efni hennar hefði fyrst og fremst áhrif á hugsanahátt stefnumótenda og fræðsluaðila. Sú útgáfa færnilýsingarinnar sem ekki er háð höfundarrétti (vinnueintakið) er tilraun til að ná því marki.

Mörg þeirra málefna sem varða skilning á skilvirkni kennaranámsins, og lögð er áhersla á í þessari skýrslu, þarfnast frekari rannsókna. Þeir þættir sem getið er um hér fyrir neðan eru kjarni þeirrar umræðu sem fram fer um áframhaldandi þróun færnilýsingar fyrir kennara í skólum án aðgreiningar:

(i) Vaxandi, en þó enn mjög takmarkaður, rannsóknargrunnur er fyrir hendi varðandi undirbúning kennara í skólum án aðgreiningar undir starf sitt – eða hvernig sá undirbúningur ætti að vera. Þetta kemur fram í Niðurstöðum ráðsins varðandi félagslegan þátt menntunar og starfsþjálfunar (2010) þar sem vísað er til þess að nauðsynlegt sé að „... auka þekkingu í samstarfi við aðrar alþjóðlegar stofnanir og tryggja að rannsóknarniðurstöður berist til sem flestra.“ (bls. 9).

Í skýrslunni um kennaramenntunina er eftirfarandi enn fremur tekið fram: „Rannsaka þarf hvernig námi skal háttáð til að kennarastarfið verði sem skilvirkast, hvernig áfangar eru skipulagðir og hvaða námsefni og kennslufræðiaðferðir gera verðandi kennara hæfasta til að mæta ólíkum þörfum nemenda.“ (bls. 72).

Ljóst er að lýsing á færni kennara – viðhorfum, þekkingu og hæfni – er mikilvægt svið vegna frekari rannsókna á því hvaða stefna varðandi kennaramenntun skili bestum árangri og hvernig hún skuli útfærð. Svo segir í skýrslunni um jafningjafræðslu 2011 (Peer Learning Activity): „... drög að færni kennara fela ekki í sér neina töfraformúlu. Þau eru aðeins ein af mörgum leiðum sem nota má til að stuðla að fagmennsku kennara og auknum gæðum menntunar.“ (bls. 6). Frekari rannsóknir gætu einnig snúist um kerfisbundið mat á færnilýsingunni í tilteknum áföngum kennaranámsins, sem og í víðara samhengi.

(ii) Í ýmsum löndum er uppbygging kennaranámsins í endurskoðun og íhugað hvar og hjá hverjum námið skuli fara fram (í háskólum og/eða skólum). Einnig fara víða fram umræður um skipulag námsáfangar og námsefni og endurskoðunin beinist í mörgum tilvikum að heildtækum aðferðum. Í OECD-skýrslunni „Teachers Matter“ (2005) er fjallað um „breyttar áherslur í kennaranáminu“ og þar segir: „Ekki er raunhæft að ætla að allir áfangar kennaranámsins, hversu góðir sem þeir eru, geri kennaranema að fullþroskuðum læriðum ... fremur er farið að líta á kennaranámið sem faglegan upphafsreit og þá undirstöðu sem kennarar öðlast til að geta haldið áfram að þroskast í starfi, heldur en aðalmenntun kennara eða í raun einu menntun þeirra.“ (bls. 134).



Færnilýsingin fyrir kennara í skólum án aðgreiningar var unnin í kjölfar umræðna um kennaranámið. En þátttakendur í menntunarverkefninu hafa lagt áherslu á hvaða hlutverki hún geti gegnt varðandi möguleika kennara á frekari faglegri þjálfun og starfsþróun til lengri tíma lítið, og talið er mikilvægt að vinna áfram að henni sem tæki sem nýta megi á ýmsan hátt.

(iii) Í Niðurstöðum ráðsins (2010) er talið nauðsynlegt að „... auka veg menntunar og þjálfunar sem er lykilatriði ef ná skal settum markmiðum um félagslega aðlögun og félagslega vernd“. (bls. 10). Þetta kemur einnig fram í skýrslunni um kennaramenntun (2011) þar sem segir: „Aukin áhersla á nám án aðgreiningar, í tengslum við önnur forgangsmál, svo sem félagslegt réttlæti og samheldni, er einnig langtímaávinningur, og með því að fjárfesta í menntun yngstu barnanna og gera menntakerfin stöðugt heildtækari má vænta þess að þau úrræði komi að meira gagni en skammtímalausnir sem ætlað er að ‘brúa bil’ eða styðja tiltekna jaðarhópa.“ (bls. 77).

Meðan unnið var að færnilýsingunni ítrekuðu sérfræðingar og aðilar frá þáttökulöndunum hvað eftir annað að kennaranámið gæti verið eins konar breytingarafli í menntakerfinu sem stuðlaði að námi án aðgreiningar. Þetta kemur enn betur fram í skýrslunni um kennaramenntunina (2011): „Þörfin fyrir að leggja af ‘viðbótar’-stuðning og endurbæta náms- og kennsluhætti og viðhorf til umhverfisins þannig að skólar verði hæfari til að bregðast við fjölbreytileika er stöðugt að verða útbreiddari.“ (bls. 14).

Í skýrslunni er fjallað um helstu verkefni á sviði kennaramenntunar í Evrópulöndunum. Þegar unnið var að verkefninu kom fram að ekki skyldi lítið svo á að kennarar væru umboðsmenn kerfisbundinna breytinga í náminu, heldur gegni þeir mikilvægu hlutverki með því að vinna að nauðsynlegum kerfisbreytingum. Kennarar sem þjáfaðir eru í að takast á við ólíkar þarfir nemenda geta verið lykilaðilar í útbreiðslu náms án aðgreiningar – allt sem stuðlar að námi án aðgreiningar skiptir máli og allir sem koma að menntamálu geta haft áhrif í bráð og lengd.

Í OECD-skýrslunni (2005) segir: „Kennarastarfið er flókið, og ekki er um eina tiltekna hegðun og eiginleika kennara að ræða sem virkar alls staðar gagnvart hvaða nemendum sem er og í hvaða námsumhverfi sem er.“ (bls. 134). Allir viðurkenna þau rök að kennarastarfið sé flókið, en í þessari færnilýsingu er því haldið fram að hægt sé að skilgreina þau grunngildi og færnisvið (viðhorf, þekkingu og hæfni) sem allir kennarar þurfa að tileinka sér til að geta náð árangri í skólum án aðgreiningar.

Alþjóðleg nefnd UNESCO um menntamál tuttugustu og fyrstu aldarinnar (Delors o.fl., 1999) lítur á símenntun og virka þátttöku í menntasamfélaginu sem lykilatriði ef takast skal á við þær kröfur sem fylgja örum breytingum í heiminum. Framkvæmdastjórn ESB lagði áherslu á fjórar grunnstoðir menntunar: „að læra að lifa saman“, „læra að tileinka sér hlutina“, „læra að framkvæma“ og „læra að vera til“. Þessi atriði eru öllum kennurum jafnt sem nemendum í skólum Evrópulandanna mikilvæg.

Í skýrslunni er niðurstaðan þessi: „... nákvæmar langtímarannsóknir þurfa að fara fram ... hvaða færnisvið eru nauðsynleg í góðu, heildtæku skólustarfi til að stöðugt sé hægt að fylgjast með skilvirkni kennaranámsins og starfsháttum nýrra kennara [og] hvað það er sem gerir varðandi kennara færa í starfi (gildismat, viðhorf, hæfni, þekking og skilningur), þ.e. námsefni, kennslufræðiaðferðir og námsmat sem undirbúningur fyrir starf í skólum án aðgreiningar.“ (bls. 72).

Færnilýsingin sem gerð er grein fyrir hér var unnin sem fyrsti liðurinn í þessum rannsóknum. Hún var unnin á Evrópuvísu sem tæki semhalda má áfram að þróa og nota á ýmsan hátt í viðkomandi löndum til að efla nám án aðgreiningar og gæði kennslu.



Lögð er áhersla á að nám án aðgreiningar eigi við um alla kennara og nemendur. Vonast er til að allir sem koma að menntun kennara geti notað þessa lýsingu sem hvata til frekari umræðna og rannsókna á kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar og kerfisbundinna breytinga á starfi og stefnu innan einstakra landa sem og á Evrópuvísu.



HEIMILDIR

- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, 2011. *World Report on Disability*. Genf: Sviss. WHO
- Bergan, S. og Damian, R., 2010. *Higher education for modern societies: competences and values* (Council of Europe higher education series No.15, 2010)
- Booth, T., 2010. *Teacher Education for Inclusion: How can we know it is of high quality?* Stefnuræða flutt á ráðstefnu í tengslum við verkefnið um kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar; Zürich, september 2010. Fáanleg hjá aðalskrifstofu Evrópumíðstöðvarinnar secretariat@european-agency.org
- Creswell, J.W. og Miller, D.L., 2000. Determining Validity in Qualitative Inquiry. *Theory Into Practice*, Volume 39, Number 3, Summer 2000, College of Education, The Ohio State University
- Delors, J. o.fl., 1996. *Learning, the treasure within*. UNESCO-skýrsla Alþjóðlegrar nefndar um menntamál tuttugustu og fyrstu aldarinnar. París, Frakklandi: UNESCO
- Denzin, N.K., 1979. *The research act: A theoretical introduction to sociological methods*. New York: McGraw-Hill
- Efnahags- og framfarastofnun, 2005. *Teachers Matter: Attracting, Developing and Retaining Effective Teachers*. París: OECD
- Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu, 2011. *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar í Evrópu – Viðfangsefni og tækifæri*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu
- Framkvæmdastjórn ESB, 2009. *Strategic framework for education and training*. Brussel: Framkvæmdastjórn ESB. Rafrænar heimildir á netslóðinni: http://ec.europa.eu/education/lifelong-learning-policy/doc28_en.htm
- Framkvæmdastjórn ESB, mennta- og menningarmálanefnd, 2010. *Aukin gæði kennara: stefnuskrá Evrópusambandsins*. Skýrsla unnin af Holdsworth, P., þar sem tekin eru saman forgangsmálefni varðandi breytingar á kennaramenntun sem tilgreindar voru af menntamálaráðherrum í Niðurstöðum ráðsins frá nóvember 2007, 2008 og 2009
- Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, 2009. *Policy Guidelines on Inclusion in Education*. UNESCO
- Mennta- og menningarmáladeild framkvæmdastjórnar ESB, 2011. Vinnuhópur um „Teacher Professional Development“: Report of Peer Learning Activity: *Policy Approaches to Defining and Describing Teacher Competences*
- Niðurstöður ráðsins og fulltrúa stjórnvalda í aðildarríkjunum, sem komu saman á vegum ráðsins, um *aukin gæði kennaramenntunar* (Stjórnartíðindi EB, C 300, 12.12. 2007)
- Niðurstöður ráðsins og fulltrúa stjórnvalda í aðildarríkjunum, sem komu saman á vegum ráðsins 21. nóvember 2008, um *hvernig ungt fólk skuli undirbúið fyrir 21. öldina: áætlun um Evrópusamstarf á sviði skólamála* (Stjórnartíðindi EB, 2008/C 319/08)
- Niðurstöður ráðsins og fulltrúa stjórnvalda í aðildarríkjunum, sem komu saman á vegum ráðsins 26. nóvember 2009, um *faglega starfsþróun kennara og skólastjórna* (Stjórnartíðindi EB, 2009/C 302/04)
- Niðurstöður ráðsins og fulltrúa stjórnvalda í aðildarríkjunum, sem komu saman á vegum ráðsins 12. maí 2009, um *rammaáætlun um Evrópusamstarf á sviði menntamála* („ET 2020“) (2009/C 119/02)



- Niðurstöður ráðsins og fulltrúa stjórnvalda í aðildarríkjunum, sem komu saman á vegum ráðsins (2010). *Niðurstöður ráðsins varðandi félagslega þátt menntunar og starfsþjálfunar*. 3013. fundur um mennta- og menningarmál, og málefni ungs fólks, Brussel, 11. maí 2010
- Ouane, A., 2008. *Creating education systems which offer opportunities for lifelong learning*. Fyrirlestur sem haldinn var á alþjóðlegri ráðstefnu UNESCO um menntamál, „Inclusive education: the way of the future“ 48. fundur. Genf, 25.–28. nóvember 2008
- Ryan, T.G., 2009. An analysis of pre-service teachers' perceptions of inclusion. *Journal of Research in Special Education Needs*, 9 (3), 180–187
- Sameinuðu þjóðirnar, 2006. *Convention on the Rights of Persons with Disabilities*, New York: New York: Sameinuðu þjóðirnar
- Shulman, L., 2007. *Keynote lecture to American Association of Colleges for Teacher Education Annual Conference*. New Orleans, febrúar 2007
- Tillögur Evrópuþingsins og ráðsins frá 18. desember 2006 um lykilhæfni á sviði símenntunar (2006/962/EC)
- Towards shared descriptors for Bachelors and Masters*, skýrsla óformlegs gæðastjórnunarhóps, desember 2003. Rafrænar heimildir á netslóðinni: http://www.verbundprojekt-niedersachsen.uni-oldenburg.de/download/Dokumente/Studium_Lehre/share_%20descriptorsbama.pdf
- UNESCO-IBE, 2008. *Conclusions and recommendations of the 48th session of the International Conference on Education*. Genf, Sviss. UNESCO IBE.ED/BIE/ CONFINTED 48/5
- UNICEF and UNESCO, 2007. *A Human Rights-Based Approach to Education for All: A framework for the realization of children's right to education and rights within education*. UNICEF, New York og UNESCO, París

VIÐAUKI 1 – FÆRNI SEM KRAFIST ER Í KENNARANÁMI Í VIÐKOMANDI LÖNDUM

Land	Færni sem tilskilin er í stefnu einstakra landa / í kennaranámi	Færni nær til náms án aðgreiningar
Austurríki	Lög kveða á um að tiltekinnar færni skuli krafist í öllum áföngum. Ákveðið í hverri háskólastofnun fyrir sig	Já
Belgía (flæmskumælandi hluti)	Drög að færni kennara (2007) í grunn- og framhaldsskólum	Já, hvað varðar jöfn tækifæri
Belgía (frönskumælandi hluti)	Engin	Nei
Bretland (England)	Viðmiðunarreglur Stofnunar um þróun kennaramenntunar. Menntastofnanir sjá um að komið sé til móts við þær.	Já – ýmsir áfangar um sérþarfir í námi í boði
Bretland (Norður-Írland)	Ráðgjafarnefnd um kennaramenntun setur fram skilyrði um færni (2007)	Já
Bretland (Skotland)	Almenn ráðgjafarnefnd um kennaramenntun setur fram viðmiðunarreglur (heildarniðurstöðu). Menntastofnanir ákveða námsefni	Já – rammaáætlun á landsvísu um nám án aðgreiningar (http://www.frameworkforinclusion.org/) tengir viðmiðunarreglur um kennaramenntun á öllum stigum við nám án aðgreiningar sem réttindamál, sem og félagslega réttindaáætlun um kennslu- og námsaðferðir sem stuðla að því að allir geti stundað nám.
Bretland (Wales)	Velska þingið – sömu viðmiðunarreglur og í Englandi	Já
Danmörk	Færni sem kennaranemar skulu búa yfir er skilgreind í lögum (tilskipun nr. 408 frá 11. maí 2009)	Færni í sérkennslu
Eistland	Faglegur staðall um kennaramenntun (2005 og 2006) sem og áætlun um menntun kennara 2009–2013	Lögð áhersla á fimm viðkomandi svið í landsskýrslunni
Finnland	Ekki skilgreind á stjórnarsýslustigi, en leiðbeiningar á landsvísu	Grunnnám í sérkennslu í öllu kennaranámi
Frakkland	10 atriði tiltekin á stjórnarsýslustigi varðandi færni kennara	Tekið er tillit til fjölbreytileika meðal nemenda
Holland	Færni og faglegt hlutverk tiltekið. Ákvarðanir um námsefni teknar í hverri menntastofnun fyrir sig	Kynning á sérþörfum í námi fer fram í grunnáfangi
Írland	Kennararáð gefur út tilskilin námsmarkmið	Já
Ísland	Skilyrði sett fram á landsvísu en ákvarðanatöku fer fram innan sveitarfélaga	Sumar námsgreinar samþættar, aðrar kenndar sérstaklega

Kýpur	Nei. Ákvörðun um slíkt nám er tekin innan viðkomandi menntastofnana	Nokkrir skylduáfangar á því sviði, auk valáfanga
Lettland	Viðmiðunarreglur/færni í endurskoðun – menntastofnanir taka ákvörðun um námsefni	Kynning á sérþörfum í námi, fjallað um viðhorf
Litháen	Lýsing á færni sem kennarastarfið krefst (2007), sem og viðmiðunarreglur um kennaramenntun	Já – mismunandi milli menntastofnana
Lúxemborg	Ráðuneyti setur fram inntak námsins. Færni til að sinna almennri kennslu.	Nám án aðgreiningar í grunnáföngum – lítið í framhaldsáföngum
Malta	Kveðið á um færni til kennslu í grunnskólum	Já
Noregur	Menntunarskilyrði fyrir kennara tiltekin í reglugerðum um almenna námskrá	Já
Pólland	Almenn færni tiltekin af hópi sérfræðinga sem skipaður er af ráðgjafarnefndum kennaradeilda	Ekki tiltekin sérstaklega en námsefni þar að lútandi tekið upp í auknum mæli
Portúgal	Almenn færni tiltekin í lögum en menntastofnunum er í sjálfsvald sett hvernig staðið er að náminu	Tekur til meginatriða náms án aðgreiningar
Slóvenía	Ákveðið í hverri menntastofnun fyrir sig	Já – að hluta í nýjum áætlunum í kjölfar Bologna-ferlisins
Spánn	Tiltekin á stjórnarsýslustigi (2007)	Já, en á afmörkuðu sviði – sérþarfir í námi er „námsgrein“ í grunnnámi
Sviss	Tiltekið í hverri menntastofnun fyrir sig	Í u.þ.b. 5% áfanga
Svíþjóð	Ekki tiltekin á stjórnarsýslustigi	Já
Tékkland	Unnið að almennum viðmiðunarreglum og grunnfærni sem kennarar þurfa að búa yfir, og tiltekin er í lögum (æðri menntastofnanir eru mismunandi eftir kröfum útskriftarnefnda)	Grunnþekking á kennslu án aðgreiningar
Ungverjaland	Almenn lýsing á viðmiðunarreglum og grunnfærni	Tekur til einstaklingsbundinna sérþarfa.
Þýskaland	Viðmiðunarreglur settar af fastanefnd ráðherra 2004. Áætlunarskjal 2010	Sérkennsla hluti af almennu kennaranámi

VIÐAUKI 2 – AUKIN GÆÐI KENNARA: STEFNUSKRÁ EVRÓPUSAMBANDSINS

Þessi stutta skýrsla var unnin af Paul Holdsworth, mennta- og menningarmáladeild framkvæmdastjórnar ESB, árið 2010, sem framlag í umræðunni um verkefnið um kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar. Tekin eru saman forgangsmálefni varðandi breytingar á kennaramenntun sem tilgreindar voru af menntamálaráðherrum í þremur helstu niðurstöðum ráðsins:

Niðurstöðum ráðsins og fulltrúa stjórnvalda í aðildarríkjunum, sem komu saman á vegum ráðsins, um aukin gæði kennaramenntunar (Stjórnartíðindi EB, C 300, 12.12. 2007). („07“ á listanum hér á eftir)

Niðurstöðum ráðsins og fulltrúa stjórnvalda í aðildarríkjunum, sem komu saman á vegum ráðsins 21. nóvember 2008, um hvernig ungt fólk skuli undirbúið fyrir 21. öldina: áætlun um Evrópusamstarf á sviði skólamála (Stjórnartíðindi EB, 2008/C 319/08) („08“ á listanum hér á eftir)

Niðurstöðum ráðsins og fulltrúa stjórnvalda í aðildarríkjunum, sem komu saman á vegum ráðsins 26. nóvember 2009, um faglega starfsþróun kennara og skólastjórna (Stjórnartíðindi EB, 2009/C 302/04) („09“ á listanum hér á eftir)

1. Efla skal fagleg gildi og viðhorf

- að unnið sé af fagmennsku og lært af reynslunni (07)
- að kennarar stundi símenntun á eigin vegum (07)
- að kennarar taki þátt í rannsóknum, (07) vinni að þekkingaröflun (07) innleiði nýjungar (07)
- að kennarar taki þátt í þróun skólastarfs (07)
- að kennarar séu í samstarfi við vinnufélaga sína, foreldra, o.s.frv. (07)
- að aðildarlöndin auki stöðugt sveigjanleika í kennaranámi; sveigjanleiki verði reglan en ekki undantekningin (08) (09)

2. Auka skal færni kennara

- að kennarar búi yfir sérþekkingu í faggreinum (07), sem og
- kennslufræðilegri þekkingu (07) t.d.:
 - kenni sundurleitum nemendahópum (07)
 - nýti upplýsingatækni (07)
 - kenni með þverfagleg sjónarmið að leiðarljósi (07)
 - skapi öruggt og aðlaðandi námsumhverfi (07)

3. Miða skal inntökuferli að auknum gæðum menntunar

- að höfðað sé til bestu umsækjendanna í aðildarlöndunum (09)
- að reglur um inntöku, staðsetningu, úthald í starfi og hreyfanleika séu endurskoðaðar í aðildarlöndunum (08)
- að aðildarlöndin kynni kennslu sem eftirsóknarverðan starfsferil (07) / starfsgrein (08)

4. Auka skal gæði almennrar kennaramenntunar

- ljúka skal námi á háskólastigi til að geta stundað kennslu (07); skoða þarf auknar kröfur um hæfni í kennaranáminu (07)



- kennaranámið skal samanstanda af fræðilegu námi og vettvangsnámi (07)
- skoða þarf hvort auka skuli starfsþjálfun verðandi kennara (07)
- aðildarlöndin skulu stöðugt auka sveigjanleika í kennaranámi þannig að sveigjanleiki verði reglan en ekki undantekningin (08) (09)

5. Kynna skal öllum nýjum kennurum áætlanir um þjálfun í starfi

- veita skal öllum nýjum kennurum faglegan og persónulega stuðning (undirbúning/kynningu) (09) (08)

6. Sjá skal til þess að allir kennarar fái leiðsögn og stuðning

- leiðsögn og stuðningur skal ávallt standa til boða á starfsferlinum (07)
- kennarar skulu fá nægan stuðning til að geta skilað árangri (09)

7. Auka skal áframhaldandi faglega starfsþróun, bæði af magni og gæðum

- kennarar þurfa að endurskoða með reglubundnum hætti þarfir sínar fyrir faglega starfsþróun með sjálfsmati / utanaðkomandi mati (07) (09)
- tryggja þarf gæði faglegrar starfsþróunar
- auka möguleika/fjölbreytni: reynslu innan sem utan opinbera skólakerfisins; skiptiheimsóknir (07)
- auka áherslu á faglega starfsþróun (07)
- aðildarlöndin skulu stöðugt auka sveigjanleika í kennaranámi þannig að sveigjanleiki verði reglan en ekki undantekningin (08) (09)

8. Skólastjórnun

- standa skal betur að ráðningarferli (08)
- auka þjálfun og þroska
- hæfni í kennarastarfi, kennslureynsla (07) (08)
- stjórnunar-, forystuhæfni (07) (08)
- veita fyrsta flokks þjálfun (09)
- minnka áherslu á stjórnunarhluta; leggja meiri áherslu á mótun kennslu og náms (09)

9. Tryggja skal gæði fræðsluaðila

- skulu búa yfir mikilli fræðilega kunnáttu (09)
- skulu búa yfir góðri reynslu af kennarastarfi (09)
- skulu vera góðir kennarar (09)

10. Gera skal umbætur á menntakerfinu að því er lýtur að kennaranámi

- samræma þarf og samhæfa almennt kennaranám, starfsþjálfun og áframhaldandi faglega starfsþróun (07)
- tryggja þarf gæði og aðbúnað á öllum stigum (07)
- bregðast þarf við nýjum þörfum í kennaranáminu (07) / bregðast við nýjum kröfum með nýbreytni (07)
- stuðla að samvinnu milli kennaramenntastofnana / skóla (07)
- byggja skóla upp sem „menntasamfélag“ (07)



-
- endurskoða með reglubundnum hætti þörfina fyrir faglega þróun með sjálfsmati / utanaðkomandi mati (07) (09) og veita möguleika á að komið verði til móts við slíka þörf (09).



VIÐAUKI 3 – UMRÆÐUR UM FÆRNILÝSINGUNA: SNIÐMÁT TIL UPPLÝSINGAÖFLUNAR

Með færnilýsingunni fyrir kennara í skólum án aðgreiningar, sem unnið var að í tengslum við verkefnið um kennaramenntunina, er miðað að því að setja fram þau færnisvið sem menn eru sammála um að ALLIR kennarar þurfi að búa yfir til að geta mætt þörfum nemenda sinna.

Í skjalinu er gerð grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð færnilýsingarinnar og einnig lögð áhersla á hvernig útfæra megi slíka færni í meginatriðum í kennaranáminu.

Allir þátttakendur skulu nota þetta sniðmát til að skrá niður lykilatriði úr umræðunum. Skrá skal hvaða hlutverki þeir aðilar gegna sem tekið hafa þátt í umræðunum (t.d. nemandi/foreldri/kennari o.s.frv.) og taka fram hvort þeir eru sammála/ósammála tillögum sem settar eru fram.

Athugasemdunum sem koma fram á þessu sniðmáti verður safnað saman að námsferðunum loknum.

1. Er samkomulag um **módelið** sem hefur verið þróað og þá einkum grunngildin fjögur sem færnilýsingin byggir á: að virða fjölbreytileika nemenda, að veita öllum nemendum stuðning, að vinna með öðrum og að öðlast aukinn þroska í starfi?
2. Er samkomulag um þær **meginreglur** sem kynntar eru í færnilýsingunni?
3. Eru viðkomandi aðilar sammála um **færnisviðin** sem tilgreind eru í færnilýsingunni?
4. Skráðu niður allar athugasemdir eða tillögur um **forsendur fyrir útfærslu**, og taktu aftur fram hvaða hlutverki viðkomandi aðilar gegna.
5. Vilja viðkomandi aðilar bæta einhverju við eða taka eitthvað út?

(ATH. Athugasemdir og tillögur um breytingar má skrá á afrit af færnilýsingunni – taka skal fram hvaða hlutverki sá gegnir sem gerir viðkomandi tillögu.)

HÖFUNDAR EFNIS

Land	Sérfræðingar	Netfang
Austurríki	Ivo Brunner Ewald Feyerer	ivo.brunner@ph-vorarlberg.ac.at ewald.feyerer@ph-ooe.at
Belgía (flæmskumælandi hluti)	Annet de Vroey	annet.de.vroey@khleuven.be
Belgía (frönskumælandi hluti)	Jean-Claude De Vreese	jean-claude.devreese@cfwb.be
Bretland (England)	Brahm Norwich John Cornwall	B.Norwich@exeter.ac.uk john.cornwall@canterbury.ac.uk
Bretland (Norður-Írland)	John Anderson Martin Hagan	john.anderson@deni.gov.uk m.hagan@stmarys-belfast.ac.uk
Bretland (Skotland)	Lani Florian	l.florian@abdn.ac.uk
Bretland (Wales)	Sue Davies	s.davies@tsd.ac.uk
Danmörk	Bodil Gaarsmand Nils-Georg Lundberg	bgaa@ucsyd.dk ngl@ucn.dk
Eistland	Vilja Saluveer Karmen Trasberg	vilja.saluveer@hm.ee karmen.trasberg@ut.ee
Finnland	Suvi Lakkala Helena Thuneberg	suvi.lakkala@ulapland.fi helena.thuneberg@helsinki.fi
Frakkland	Nathalie Lewi-Dumont Catherine Dorison	nathalielewi@gmail.com catherine.dorison@iufm.u-cergy.fr
Holland	Frank Jansma Dominique Hoozemans	F.Jansma@Lerarenweb.nl hoozemans.d@hsleiden.nl
Írland	Alan Sayles Áine Lawlor	Alan_Sayles@education.gov.ie aine.lawlor@teachingcouncil.ie
Ísland	Hafdis Guðjónsdóttir Jóhanna Karlsdóttir	hafdgud@hi.is johannak@hi.is
Kýpur	Elli Hadjigeorgiou Simoni Symeonidou	hadjigeorgiou.e@cyearn.pi.ac.cy symeonidou.simoni@ucy.ac.cy
Lettland	Guntra Kaufmane Sarmīte Tūbele	guntra.kaufmane@visc.gov.lv sarmite.tubele@lu.lv
Litháen	Giedrius Vaidelis Lina Milteniene	giedrius.vaidelis@upc.smm.lt m.lina@cr.su.lt
Lúxemborg	Alain Adams	alain.adams@education.lu
Malta	Felicienne Mallia Borg Paul Bartolo	felicienne.mallia.borg@ilearn.edu.mt paul.a.bartolo@um.edu.mt
Noregur	Toril Fiva Unni Vere Midthassel	Toril.Fiva@kd.dep.no unni.midthassel@uis.no
Portúgal	Maria Manuela Micaelo	manuela.micaelo@dgidc.min-edu.pt



	Maria Manuela Sanches Ferreira	manuelaferreira@ese.ipp.pt
Pólland	Agnieszka Wołowicz Beata Rola	agnieszka.wolowicz@onet.eu beata.rola@mscdn.edu.pl
Slóvenía	Damjana Kogovšek	damjana.kogovsek@pef.uni-lj.si
Spánn	Pilar Pérez Esteve Gerardo Echeita Sarrionandia	pilar.pereze@educacion.es gerardo.echeita@uam.es
Svíþjóð	Bengt Persson	bengt.persson@hb.se
Swiss	Pierre-André Doudin Reto Luder	pierre-andre.doudin@hepl.ch reto.luder@phzh.ch
Tékkland	Kateřina Vitásková Miroslava Salavcová	katerina.vitaskova@upol.cz Miroslava.Salavcova@msmt.cz
Ungverjalani	Csilla Stéger Iván Falus	csilla.steger@okm.gov.hu falusivan@gmail.com
Þýskaland	Thomas Franzkowiak Kerstin Merz-Atalik	franzkowiak@paedagogik.uni-siegen.de merz-atalik@ph-ludwigsburg.de

Evrópustofnunin vill einnig þakka framlög frá eftirfarandi sérfræðingum: Iva Strnadová og Radka Topinková (Tékklandi), Marita Mäkinen (Finnlandi); Pierre Francois Gachet (Frakklandi); Joëlle Renoir og Marco Suman (Lúxemborg); Jos Louwe og Rutger Stafleu (Hollandi); Marit Strømstad (Noregi); Kerstin Hultgren (Svíþjóð); Huw Roberts og Cliff Warwick (Bretlandseyjum, Wales).

Einnig þökkum við fyrirlesurum á ráðstefnunni í Brussel 2. mars 2012: Tony Booth (Bretlandseyjum, Wales); Therese Tchombe (formanni UNESCO á sviði sérparfa / náms án aðgreiningar, Kamerún); Paula Hunt (Svæðisskrifstofu UNICEF á sviði CEE/CIS); Micheline Sciberras (menntamálaráðuneyti Möltu); Gisle Larsen (Noregi); Anete Gutmane (Lettlandi).

Sérstakar þakkir fær Kari Nes, verkefnisráðgjafi og aðilar í ráðgjafarhópi verkefnisins fyrir veitta aðstoð: Bernadette Céleste (Frakklandi); Don Mahon (Írlandi); Mudite Reigase (Lettlandi); Irene Moser (Austurríki – tók þátt í hópstarfi fram í september 2010); Renato Opertti (UNESCO IBE); Paul Holdsworth (mennta- og menningarmáladeild framkvæmdastjórnar ESB).

Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar er einn meginafrakstur verkefnisins um kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar sem Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu stóð fyrir. Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar var sú megin tillaga sem sett var fram í verkefnisskýrslunni, sem markmið fyrir alla kennaranema. Færnilýsingin byggir á þeirri tillögu sem og öðrum niðurstöðum skýrslunnar og setur þær í samhengi við þau gildi og færnisvið sem allir kennarar verða að tileinka sér ef starf þeirra á að skila árangri í skólastarfi.

Í færnilýsingunni koma fram upplýsingar um *hvaða* grunngildum og færnisviðum vinna skal að í öllu kennaranámi, en ekki er reynt að lýsa því *hvernig* þeim skal beitt innan ýmis konar fyrirkomulags kennaramenntunar. Þó að fjallað sé um nokkur lykilatriði í útfærslu, þá er færnilýsingin fyrst og fremst sett fram sem hjálpargagn sem hægt er að þróa áfram eftir þörfum innan viðkomandi landa þar sem menntakerfin eru hvert með sínu sniði.

Helsti markhópur þessa rits er fræðsluaðilar og ráðamenn – stjórnendur og stefnumótendur almennrar kennaramenntunar – sem eru í þeirri aðstöðu að geta haft áhrif á stefnu kennaramenntunar í anda skóla án aðgreiningar og átt síðan frumkvæði að raunverulegum breytingum og innleiðingu þeirra. Lítið er á þessa aðila sem mikilvægan markhóp þar sem verkefnið um kennaramenntun leiðir í ljós að grun- og símenntun kennara sé það lykilatriði sem gengið skuli út frá við frekari kerfisbreytingar vegna náms án aðgreiningar.